



Arkar jólahlaðborð 2005

HÓTEL ÖRK

Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is • www.hotel-ork.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. október 2005 – 294. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Flýgur frjáls

Ítalinn og tónlistarmaðurinn Leone Tinganelli lætur drauminn rætast með sinni fyrstu plötu þar sem hann syngur um ástina og lífið.

FÓLK 34



Byltingin

Um konur á vinnumarkaði var haft hugtakið „að vinna úti“, sem hljómaði óneitanlega svolítið eins og að „verða úti“. Vinnumarkaðurinn var með öðrum orðum skilgreindur sem útlönd fyrir konur, útskúfun – eða útleð.

Í DAG 16



Stelpudagur hjá Haukum

Kvennalið Hauka í handbolta og körfubolta voru í eldlinunni í gær að Ásvöllum. Hið unga körfuboltalið félagsins lagði Keflavík og svo vann handboltaliðið góðan sigur á Stjörnunni.



ÍPRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



SLYDDA EÐA SNJÓKOMA á Vestfjörðum og Norðurlandi, rigning eða slydda austan og suðaustan til. Gæti dropað suðvestan til. Hiti 2-5 stíg syðra en við frostmark nyrðra.

VEÐUR 4

Sniðganga fund með þingmönnum

Sveitarstjórnarmenn í Suðvesturkjördæmi eru ósáttir við þingmenn kjördæmisins. Ráðstefna á að koma í stað hefðbundinna funda í kjördæmaviku.

STJÓRN MÁL Megináætt er meðal sveitarstjórnarmanna í Suðvesturkjördæmi með breytt fyrirkomulag í samskiptum við þingmenn kjördæmisins. Í umræðum utan dagskrár á fundi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á föstudag var talað um að sniðganga fundinn.

Í stað þess að funda með hverri sveitarstjórn fyrir sig verður stór fundur í félagsheimili Kópavogs í dag. Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra og fyrsti þingmaður kjördæmisins, boðaði til fundarins fyrir hönd þingmannanna.

Sveitarstjórnarmenn telja sig sumir ekki geta tjáð sig jafnfrjállega við þingmennina og öðrum finnst tímasetning in erfið. „Það er svolítið einkennilegt að boða þetta á vinnutíma því flestir bæjarfulltrúar eru náttúrulega í fullri vinnu,“

segir Ásgerður Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi.

„Á föstudaginn heyrði maður að rosalegur urgur var í liðinu,“ segir Einar Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ. Hann segir að í ljósi þess hve þingmenn mættu illa á fund SSH hafi verið rætt um að sniðganga fundinn í dag. Einungis þrjár af 33 þingmönnum Reykjavíkurborgar og Suðvesturkjördæmis, Guðmundur Hallvarðsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson, mættu fyrir helgi.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, segir óánægju mikla með tilhögun fundarins. „Það er kjördæmavika og öllu troðið á einn dag. Auðvitað eiga þingmennirnir að koma og ræða okkar mál í sveitarfélaginu. Það er eins og verið sé að ota bæjarfélögum saman,“ segir hann og telur lítinn áhuga á

því meðal sveitarstjórnarmanna að metast um hvaða vegafarmkvæmdir ættu helst að vera í forgangi.

Guðmundur Rúnar Arnason, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, tekur undir að svo virtist sem sveitarfélögum væri att saman. „Þetta er náttúrulega ekki boðlegt og ekki stíllt upp fyrir sveitarfélögin, heldur þannig að þetta sé sem þægilegast fyrir þingmennina.“

Ármann Kr. Ólafsson, sem bæði er bæjarstjórnarmaður í Kópavogi og aðstoðarmaður Árna Mathiesen, segir nýtt fyrirkomulag eiga að hafa í för með sér meiri heildarsýn á mál kjördæmisins. „Lagt er upp með að fá fulltrúa vegagerðar og ráðuneyta til að fara yfir verkefni á sameiginlegum fundi þar sem þingmenn og sveitarstjórnarmenn geta skiptst á skoðunum,“ segir hann og furdar sig á óánægjuröddum.

-oká



SÆRÐ ÍRÖSK STÚLKA Fjöldi Íraka hefur særst síðan ráðist var inn í landið.

Stríðið í Írak:

Um 26 þúsund Írakar fallnir

ÍRAK Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna telur að 26.000 Írakar hafi látist í árásum skæruliða í landinu síðan í janúar á síðasta ári.

Tala þeirra sem falla dagslega virðist jafnframt vera að aukast jafnt og þétt samkvæmt ráðuneytinu. Þetta eru fyrstu opinberu tölurnar sem eru birtar af mannfali Íraka á þessu tímabili. Að sögn ráðuneytisins deyja eða særast yfir 60 heimamenn á degi hverjum.

Aftakaveður á Norðvesturlandi:

Fólk fast í bílum

VEÐUR Vitlaust veður var í Vestur Húnavatnssýslu í gær og höfðu Lögregla og björgunarsveitir á svæðinu í nógu að snúast. Úrkoma var mikil og skyggni ekkert svo margir vegfarendur lentu í vandræðum. Einhverjir voru fastir í bílum sínum vegna ófærðar eða þorðu ekki að aka áfram vegna skyggnis. Þá höfnuðu nokkrir bílar út af.

Að sögn lögreglunnar á Blönduósi var veðrið svo slæmt að flestir hættu sér ekki út úr bílum sínum. Björgunarsveitir á Blönduósi, Hvammstanga og Laugabakka voru kallaðar út og aðstoðuðu vegfarendur við að koma sér af stað eða fluttu fólk í skjól.

Að sögn Óla Þórs Arnasonar, veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands má búast með áframhaldandi eljagangi á Norður- og Austurlandi í dag. Hann reiknar með því að um miðja vikuna fari að hlýna og snjó gæti farið að leysa á miðvikudag eða fimmtudag.



ROSA PARKS BORIN TIL GRAFAR Hundruð manna voru viðstödd minningarhöfn í Alabama þegar Rosa Parks var borin til grafar í gær. Parks, sem var 92 ára þegar hún lést, er frægust fyrir að hafa neitað að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í Alabama árið 1955. Er hún almennt talin eiga stóran þátt í jafnréttisbaráttu blökkumanna í Bandaríkjunum.

Baráttumenn um oddvitasæti sjálfstæðismanna í Reykjavík:

Hættir við byggð í eyjunum

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hvorki Gísli Marteinn Baldursson né Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sem berjast um fyrsta sætið á lista sjálfstæðismanna í komandi borgarstjórnarankosningum telja tímabært að huga að eyjabyggð. Í vor kynnti borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokks hugmyndir um allt að 30 þúsund manna byggð í Örfirisey, Álfsey, Engey, Viðey og í Geldinganesi.

„Hugmyndir okkar sjálfstæðismanna voru góðar til að sýna fram á suma af þeim möguleikum sem okkur standa til boða í framtíðarbyggingarlandi. Við verðum

hins vegar að horfast í augu við staðreyndir,“ segir Gísli Martein og bendir á að Reykvíkingum muni ekki fjölga um nema 20 til 30 þúsund til ársins 2045. „Framtíðarbyggingarland okkar Reykvíkinga tel ég að sé í Geldinganesi þar sem við getum gert fallega 10 þúsund manna byggð og í Vatnsmýri þar sem við getum sett til dæmis 15 þúsund manna byggð.“ Hugmyndir um eyjabyggð telur hann ekki vera inni í myndinni næstu 50 árin.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson áréttar að hugmyndirnar sem borgarstjórnarflokkurinn kyn-

nti í vor hafi verið framtíðarsýn sem í meginatriðum hafi fengið mjög góðar undirtektir. „Umfjöllun okkar um nýjar skipulagshugmyndir og framtíðarsýn í þeim efnun og umfjöllun um önnur mikilvæg skipulagsmál, svo sem Vatnsmýrina, hafa breytt og frískað umfjöllun borgarbúa um þessi mikilvægu hagsmunamál,“ segir hann og telur framtíðarbyggingarland borgarinnar vera í Geldinganesi, Úlfarsfelli, Vatnsmýri og svo kannski eyjabyggð. „Þarna erum við að tala um ferli og landnýtingu sem eiga mun sér stað á næstu áratugum.“

-óká

Lestur meðal 25-49 ára

Fasteignir

40% Fréttablaðið

24% Mbl.

Hús ofl. á mánudegi Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur meðal 25-49 ára.

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR


FRÁ EVRÓPU

Laugardagur

Kollafjörður / Færeyjar

591 3000

MIÐNÆTUR-
OPNUN!



„Á köldum janúardegi er lögreglan kölluð að blokk í Reykjavík þar sem lík hefur fundist í garðinum. Illur grunur kviknar um skelfilegan glæp. **Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli** eru kölluð til og utan úr myrkri og hriðarkófi birtast um síðir staðreyndir sem eru jafnvel nóturlegri en vetrarnótt við heimskautsbaug.“

Nýr glæpur

í Eymundsson, Austurstræti
á mánudagskvöld kl. 24–01

Á sérstöku útgáfulboði
til og með 11. nóvember

3.750 kr.

Fullt verð: 4.690 kr.

Við hefjum sölu á **nýjustu bók Arnaldar Indriðasonar, Vetrarborginni**, á fyrstu mínútu útgáfudagsins 1. nóvember og bjóðum þér Erlend og félagi **8 klukkutímum fyrir en aðrar verslanir**. Tryggðu þér æsispennandi lesefni í nóvember.

Peir sem mæta á miðnæturöpunun í Eymundsson, Austurstræti geta orðið aukaleikarar í kvikmyndinni Mýrinni í leikstjórn Baltasars Kormáks.

NÝJASTA GLÆPAVERK
ARNALDAR INDRIDASONAR

BOKA  BÚÐIR

 PENNINN

Eymundsson

Ný kynslóð salatbara

Þetta er það
FLOTTASTA
sem ég hef séð

Nýjir salatbarir
í öllum verslunum

Sjáðu þetta

40 spennandi
tegundir
Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella kúlur
- Romain salat
- Mini penne í ferskum hvítlauk
- Kús kús tandorri
- Tortelini m/engifer
- Skinka
- Spínat
- Pepperoni
- Epli í kókóssósu
- Kartöflu strá
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
Egils Sítrónu Kristall með í kaupbæti*.

*Tilboðið gildir út október mánuð.

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT PÓLKVICAVAN

„Drífðu þig!“

Þessi mynd var tekin nokkrum augnablikum eftir að við frelsuðum þessa ungu fjölskyldu sem hafði verið lokuð inni í 360 daga samfleytt með allt of lítinn hraða og mjög takmarkað niðurhal.

Svo sannarlega merkileg tímamót fyrir þau og okkur hjá Hive, en við vitum að hver mínúta skiptir máli því fleiri bróða frelsisins. Þess vegna sögðum við ljósmyndaranum að drífa sig. Við biðjumst því afsökunar á töfnni sem þessi myndataka olli.

Við reynum að láta það ekki gerast aftur.

3.990*
HiveLite
 Þráðlaust internet
 4 GB niðurhal
 8 Mb tenging
 Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
 Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is



*M.v. 12 mánaða samning.



VEISTU SVARIÐ

- 1 Í hvaða borg í Indlandi sprangu fjórar sprengjur á laugardaginn?
- 2 Hvaða plánetu var óvenju nálægt jörðinni í gær?
- 3 Hvaða íslenski knattspyrnumaður varð Noregsmeistari í fótbolta um helgina?

Ólafur F. Magnússon vill aflétta ábyrgð vegna skulda Landsvirkjunar:

Reykvíkingar ekki ábyrgir

BORGARMÁL. Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, mun leggja fram tillögu um fyrirhugaða sölu á hlut Reykjavíkur í Landsvirkjun á borgarstjórnarfundum á morgun. Megináhersla Ólafs er að ábyrgð vegna lántöku Landsvirkjunar verði aflétt af Reykvíkingum og andstöðu verði lýst við einkavæðingu raforkufyrirtækja. Ólafur er andsnúinn því að Reykvíkingar séu í ábyrgð fyrir því sem hann kallar pólitískt ævintýri fyrir austan sem ekki sé byggt á efnahagslegum forsendum heldur pólitískum hagsmunum.

„Síðastliðinn febrúar var samþykkt að tvöfalda ábyrgð borgar-



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARFULLTRÚI F-LISTANS Vill aflétta ábyrgðum Reykvíkinga vegna lántöku Landsvirkjunar.

innar á lántöku Landsvirkjunar úr 43 milljörðum í 86 milljarða. Með

þessu er verið að veikja stöðu borgarinnar gagnvart ríkinu.“

Ólafur segir hagsmunamál fyrir borgarbúa að losna undan ábyrgðunum og koma í veg fyrir fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að einkavæða fyrirtæki með þeim skilmálum að almenningur sé enn í ábyrgð fyrir skuldunum en einkavinir ríkisstjórnarflokka hafi hirði svokallaðan arð. „Sem 45 prósentu eignaaðili í Landsvirkjun eiga Reykvíkingar 24 milljarða miðað við eigið fé og eru í ábyrgð fyrir 86 milljörðum. Og ég spyr, hver myndi vilja eiga húseign fyrir 24 milljónir en vera í ábyrgð fyrir 86 milljónum?“ - jón

Eyjaflotinn stækkar:

Nýr togari frá Póllandi

SIJAVARÚTVEGUR Nýtt skip, Bergur VE 44, kom í fyrsta skipti til heimahafnar í Vestmannaeyjum um helgina.

Bergur kemur frá Póllandi en var keyptur í Norvegi. Bergur er ísfisktogari, smíðaður í Danmörku árið 1998. Togarinn er 10,50 metra breiður og 36 metrar á lengd.

Skipið er samnefnt útgerðinni sem er fjölskyldufyrirtæki, eftir því sem fram kemur í Eyjafréttum. Þar segir einnig að Bergur sé hrein viðbót við flota Vestmannaeyjabúa. ■

Eitt glæsilegasta úrval landsins af parketi – flott fyrir þig!



www.parki.is



í húsið

Dalvegi 18 · Kópavogi · Sími: 564 3500

NISSAN PRIMERA



SKIPT_um stíl



EKKERT VENJULEGUR

Með nagladekkjum. Sjálfstýring, cruise control og bakkmyndavél í lit.

Primera

Verðtilboð 2.090.000.-



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



BUSH OG BERLUSCONI Leiðtogarnir tveir virðast ekki hafa verið sammála um Íraksstríðið. Þeir hittast í dag til að ræða málin.

Berlusconi ver sinn mann

Forsætisráðherra Ítalíu hefur komið yfirmanni ítölsku leyniþjónustunnar til varnar. Hann er sakaður um að hafa látið Bandaríkjamenn fá fölsuð skjöl.

RÓM,AP Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, kom Nicolo Pollari, yfirmanni ítölsku leyniþjónustunnar, til varnar í gær, en hann er sakaður um að hafa látið Bandaríkjamenn hafa fölsuð skjöl fyrir nokkrum árum. Í þeim stöð að Saddam Hussein hefði verið að reyna að komast yfir úraníum frá Afríku í því skyni að búa til gjöræðingavopn. Skýrslan átti sinn þátt í því að réttlæta innrásina í Írak.

Pollari hefur verið hvattur til að segja af sér vegna málsins en Berlusconi er á öðru máli og segir hann afar traustan starfsmann sem hafi ekkert gert rangt af sér.

Ríkisstjórn Berlusconi's vísaði í síðustu viku á bug fréttum um að hún hafi átt þátt því að láta Bandaríkjamenn og Breta hafa fölsuð skjöl þar sem sagt var frá áformum Íraka um að kaupa 500 tonn af úraníum frá Afríku.

Berlusconi var einnig í fréttum um helgina þegar hann sagðist hafa reynt hvað eftir annað að fá Bush, Bandaríkjaforseta, til að hætta við innrásina í Írak. Hafði Berlusconi enga trú á að beiting herafls væri besta leiðin til að

koma á lýðræði í landinu. Þetta kom fram í viðtali sem sjónvarpsstöðin La7 átti við Berlusconi.

„Ég var aldrei sannfærður um að stríð væri besta leiðin til að koma á lýðræði í landinu og til að binda enda á ofstækisfullt stjórnarfar,“ sagði Berlusconi. „Ég reyndi mörgum sinnum að sannfæra forseta Bandaríkjanna um að fara ekki í stríð.“

Berlusconi, sem hefur hingað til verið talinn einn helsti stuðningsmaður Bush í Íraksstríðinu, er að búa sig undir endurkjör á næsta ári. Vinsældir hans hafa dvínað töluvert vegna andstöðu Ítala við stríðið og telja sumir að hann sé að breyta um stefnu í málinu vegna þessa.

Ítalir tóku ekki þátt í innrásinni í Írak árið 2003 en sendu aftur á móti 3000 manna herlið þangað eftir fall Saddams Hussein, fyrrum forseta landsins, til að aðstoða við að koma þar á stöðugleika.

Bush og Berlusconi hittast í Hvíta húsinu í Bandaríkjunum í dag til að ræða það sem efst er á baugi í samskiptum landanna.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Óskum núverandi og tilvonandi Suzukieigendum til hamingju með Stálstýrið!

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2006
BÍLABLAÐAMANNA



Suzuki Swift BÍLL ÁRSINS 2006!

 **SUZUKI**
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is



www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Keramik fyrir alla

Krakkar!



Notið fríið og byrjið að mála jólagjafirnar.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is



Talstöðin
FM 90,9

Tuttugu prósent manna geta búist við því að fá þunglyndi:

Auknar líkur á lækningu þunglyndis

GEDSÚKDÓMAR Þunglyndissjúklingar eiga nú betri möguleika á lækningu í framtíðinni. Danskir vísindamenn eru bjartsýnir á að rannsóknir undanfarinna ára og ný tækni verði til þess að hægt sé að greina þunglyndi fyrr og meðhöndla.

Þunglyndi er nú í fjórða sæti á lista Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um sjúkdóma sem rýra lífslíkur og lífsgæði sjúkra og aðstandenda þeirra. Og haldi þróunin áfram er því spáð að sjúkdómurinn verði í fyrsta sæti árið 2020 í Vestur-Evrópu. Nú eru það hjarta- og kransæðasjúkdómar sem skipa það sæti. Danskir rannsakendur segja að í dag geti tuttugu

prósent þjóðarinnar búist við því að fá sjúkdóminn einhvern tíma á lífsleiðinni.

Með nýrri tækni þar sem notast er við kortlagningu arfbera segjast dönsku vísindamennirnir geta greint breytingar á heilastarfsemi þeirra sem eru þungt haldnir af þunglyndi og veitt þeim rétta meðhöndlun mun fyrr en nú er gert. Þeir segja að þjóðfélagið og sá lífsstíll sem það kallar á verði sífellt fjandsamlegra þeim sem hætt er við þunglyndi. Og því sé hin nýja uppgötvun, þar sem hægt er að mæla streituhormónið kortísól, sem er einn aðalvaldur þunglyndis, byltung í meðhöndlun á sjúkdómnum.



ÞUNGLYNDUR MAÐUR Sífellt fleiri leita til læknis vegna þunglyndis. NORDICPHOTOS / GETTY IMAGES

Frúarkirkjan í Dresden tilbúin:

60 þúsund manns fögnuðu

DRESDEN, AP Um sextíu þúsund manns hópuðust saman fyrir utan Frúarkirkjuna í Dresden í gær til að fagna því að endurbótum á kirkjunni væri lokið.

Kirkjan, sem var byggð á 19. öld, eyðilagðist í sprenguárás-um bandamanna undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Endurbætur á kirkjunni hófust eftir fall Berlínarmúrsins en fram að því vildu stjórnvöld í Austur-Þýskalandi ekki láta gera upp kirkjuna. Átti hún að minna fólk á eyðilegg-ingarmátt stríðsins.

Horst Koehler, forseti Þýskalands, hertogi Breta af Kent og sendiherrar Bandaríkjanna og Frakklands voru á meðal þeirra 1800 gesta sem sóttu athöfn til að fagna þessum tímamótum. Einnig voru þar stödd Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, og Angela Merkel, sem mun taka við af honum.

Endurbæturnar á Frúarkirkjunni kostuðu um 13 milljarða króna. Um 7,3 milljarðar af þeirri upphæð komu frá ýmsum aðilum, þar á meðal Bandaríkjamönnum og Bretum.



FRÚARKIRKJAN Í DRESDEN Mikill fjöldi fólks safnaðist saman fyrir utan kirkjuna til að fagna endurbótunum á henni. AP/MYND



FISCHER OG FRÚ Utanríkisráðherra ásamt Minu Barati í Berlin á síðasta ári. Þau giftu sig um helgina.

Þýskur ráðherra:

Kvænist í fimmta sinn

ÞÝSKALANDI, AP Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, kvænist í fimmta sinn síðastliðinn laugardag. Eiginkonan heitir Minu Barati og fór athöfnin fram á borgaralegan hátt í ráðhúsi Rómaborgar.

Um 20 manns voru viðstaddir athöfnina, þar á meðal dóttir Barati frá fyrra sambandi. Fischer, sem er 57 ára, hefur verið utanríkisráðherra undanfarin sjö ár. Ekki er talið að hann haldi áfram í því starfi eftir niðurstöðu kosninganna í síðasta mánuði.

ÍRAK

BRÓÐIR VARAFORSETA MYRTUR Bróðir annars af tveimur varforsetum Íraks var skotin til bana á leiðinni til vinnu sinnar í Bagdad. Viðskiptaráðherra Íraks særðist og tveir lífverðir hans voru drepnir í annarri árás. Einnig dóu níu íraskir borgarar í árásum sem voru gerðar í Bagdad og nágrenni.

Frábær tilboð á nýlegum

- Mitsubishi Lancer
- Volkswagen Polo
- Skoda Octavia

Ávísun á góðan bíl!

Opið mánudaga til föstudaga kl. 10-18 • Laugardaga kl. 12-16

Komdu strax í dag!

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



TOYO TIRES®

LOKSINS Á ÍSLANDI

Bestu dekkin í USA 8 ár í röð

Áttunda árið í röð voru Toyo dekkin valin bestu dekkin af Tire Review Magazine sem er tímarit hjólbarða-sala í Bandaríkjunum. Toyo vetrardekkin eru með einstökum míkrostruktur sem gefur betra veggríp og meira öryggi. Toyo dekkin eru líka sérstaklega mjúk og hljóðlát.



Tranpath S1, harðkorna dekk
17" - 18" felgur



Garit G30, harðkorna dekk
13" - 15" felgur



C1S, neglanleg vetrardekk
13" - 16" felgur



Open Country All Terrain
Jeppadekk á 15", 16", 17", 18" og 20" felgur. Hæð 28" - 37"



Open Country Mud Terrain
Jeppadekk á 15", 16", 17" og 18" felgur. Hæð 28" - 38"

Mikróskorin „suction rubber“ dekk með hörðum, umhverfisvænum kornum og náttúrulegum skeljabrotum. Dekkin eru með hárfinum míkrostruktur sem hleypir raka upp í dekkið og nánast límið það ofan á isingu. Síðan grípa hörðu, náttúrulegu skeljakornin í isinn líkt og klær. Dekk sem hafa reynst afburða vel í Svíþjóð og Finnlandi. Nýtt Silica Compound söggúmmið vinnur afburðavel í kulda og nær gripi þrátt fyrir að vatnsfilma liggi ofan á vegisingu.

Mikróskorin og neglanleg dekk hönnuð fyrir akstur við erfiðar vetraradstæður. Dekkin halda mjúkt sinni í miklu frosti og tryggja frábært grip. Djúpt og gleitt mynstrið veitir mjög gott grip í snjó og hálfu og stýttir hemlunar-vegalengd í bleytu. „Silica Compound“ gúmmið hefur einstaka viðloðun við blautan vegflöt.

Radial dekk með alhliða A/T mynstri. Veita afburða grip í akstri um vegleysur og eru ljúf og þægileg á vegi. Dekkin bita af grimmd í snjó og bleytu. Reynslan sýnir að þau endast öðrum dekkjum betur undir jeppum, pallbilum og sendibílum.

Henta jeppamönnum í vegleysurmar. Grimmsterk radialdekk með torfæru-mynstri, með meira burðarþol en samt mjúk og þægileg í þjóðvegaakstri. Engin málamíðun í torfærumar og veita afburða grip í akstri um vegleysur.

Ný umhverfisvæn
harðkorna dekk



Þýska bílblaðið Gute Fahrt valdi Toyo dekkin bestu dekkin 2 ár í röð.



Porsche Cayenne sló nýlega hraðamet fjórhjóladrifinna bíla, 308 km/klst - með Toyo dekkjum.

NESDEKK
S. 561 4110


Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi
Sími 561 4110

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi þeirra sem greindust með lífrabólgu C á árunum 1999 til 2004



Heimild: Landlæknisembættið

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: RÍKIÐ OG KIRKJAN

Ekki fullkomið trúfrelsi hér?

Rætt hefur verið um aðsilnað ríkis og kirkju upp á síðkastið. Vinstri grænir ályktuðu meðal annars á nýafstöðnum landsfundum að beita sér fyrir afnámi stjórnarskrárákvæðis um samband þessara tveggja fyrirbæra. Vinstri grænir telja að það sé eðlilegt enda þróist Ísland óðfluga í átt til fjölmenningslegs samfélags og því sé ekki réttlætlanlegt að ríkið skuli bundið kirkjunni í stjórnarskrá.

Hvað segir stjórnarskráin?

Í 62. grein stjórnarskrár Íslenska lýðveldisins segir að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið þess vegna styðja hana og vernda. Það er þetta stjórnarskrárverndaða fjárhagslega samband ríkisins og kirkjunnar sem vefst fyrir mönnum. Hannes Hólmsteinn Gissurarson benti nýverið á

í grein sem hann birti að ríkisafskipti gætu verið kirkjunni til trafala, trúarlíf sé því blómlegra eftir því sem minni opinber afskipti séu af því.

Ekki trúfrelsi?

Það eru fleiri rök sem hægt er að telja til. Þannig hefur verið bent á að ekki sé hægt að segja að hér ríki fullkomið trúfrelsi fyrr en aðsilnaði hafi verið hrint í framkvæmd. Það sé ekki rétt að ríkið geri upp á milli safnaða og trúarbragða með þeim hætti sem nú er stjórnarskrárbundinn. Þarna mætast vinstri og frjálslyngju-menn í skoðunum sínum um ríki og kirkju.

Hvernig er stjórnarskrá breytt?

Að breyta stjórnarskrá er ekki eins og að setja venjulegar lagabreytingar. Stjórnarskrárbreytingar þarf að samþykkja á einu þingi, þvínæst



þurfa þær að hljóta blessun næsta þings með þingkosningum í millitíðinni, enda er stjórnarskráin ein af forsendum lýðræðis. Þannig er reynt að tryggja að ekki slæðist inn óvandaðar breytingar.

Stærð ríkja liggur í sjálfsmatinu

SPURT & SVARÞ
PRÓUNARÞSTOÐ

Náum oftast árangri

Íslensk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir það hversu lítið þau láta af hendi rakna til þróunar- aðstoðar. Við höfum þó verið að auka framlög okkar til þessara mála jafnt og þétt á undanföllum árum, að sögn Singhvats Björgvinssonar, forstjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Hversu hátt hlutfall af landsframléðslu erum við að greiða til þróunaraðstoðar?
Þetta hlutfall var 0,19 prósent í fyrra en verður líklega 0,22 prósent á þessu ári. Markmiðið er að við náum 0,35 prósentu hlutfalli eigi síðar en árið 2009.

Hver eru helstu verkefni okkar á þessu sviði?
Til skamms tíma lögðum við megináherslu á aðstoð á sviði fiskveiða en á síðari árum höfum við lagt meiri áherslu á fræðslumál, sérstaklega fullorðinsfræðslu, heilbrigðismál og aðstoð við nýtingu jarðhita. Verkefnið hafa flest verið í Afríku en eins höfum við verið að vinna að verkefnum á Srí Lanka og í Níkaragva.

SIGHVATUR BJÖRGVINSSON
Forstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Í umræðum um hvort Ísland eigi að sækja um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er gjarnan spurt hvort svo smá þjóð hafi þar eitthvað að segja. Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur segir það vera undir okkur sjálfum komið.

Það er óumdeilt að þau ríki sem mest láta til sín taka á alþjóðavettvangi eru þau sem hafa stærstu efnahagskerfin, mestan herstyrkinn og víðáttumestu landsvæðin, það liggur í hlutarins eðli. Það þýðir hins vegar ekki að smærri ríki geti ekki haft áhrif innan alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar. Sum hafa raunar gert það með góðum árangri eins og Norðurlöndin eru dæmi um. Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, flytur í dag erindi á ráðstefnu í Peking í Kína þar sem því er haldið fram að ríki, stór sem smá, geti valið sér stærð í alþjóðakerfinu þar sem stærðin byggist meðal annars á vali, viðhorfum og sýn stjórnmálamanna og almennings.

Íslendingar sækja í sig veðrið
Pólitísk stærð ríkja er sá mælikvarði sem oftast er litið til þegar

áhrif þeirra eru metin, undir hana flokkast til dæmis hernaðarstyrkur og stærð stjórnsýslunnar. „Við erum háð Bandaríkjunum um varnir,“ segir Baldur en bendir aftur á móti á að stjórnsýslan hafi eflst á Íslandi síðasta áratuginn, ekki síst utanríkisþjónustan. Þetta eykur verulega möguleika okkar á að hafa áhrif. Þangað til fyrir um það bil tíu árum vorum við að miklu leyti óvirkir gerendur í alþjóðakerfinu, Íslensk stjórnvöld eru að taka miklu virkari þátt í alþjóðastofnunum í dag en áður.“
Að mati Baldurs skipta hins vegar viðhorf og sjálfsmynd einnig talsverðu máli, bæði viðhorf innlendra stjórnmálamanna og almennings svo og hvernig litið er á viðkomandi ríki innan alþjóðakerfisins. „Í Svíþjóð og á Norðurlöndunum almennt, nema þá kannski á Íslandi, hafa stjórnmálamenn frá lokum síðari heimsstyrjaldar alltaf haft það að markmiði að hafa áhrif á alþjóðakerfið og telja sig hafa getu til þess. Á erlendum vettvangi, til dæmis innan Sameinuðu þjóðanna, er ætlast til þess að Danmörk, Noregur og Svíþjóð leggi verulega af mörkum til þróunarmála og friðargæslu. Í Sviss, sem er að mörgu leyti svipað ríki, er skynjunin allt önnur. Þar ætla stjórnmálamenn sér ekki stóra hluti á alþjóðavettvangi enda er ekki búist við því að Svisslendingar láti mikið til sín taka á því sviði.“



BALDUR ÞÓRHALLSSON „Menn hafa ekki áhrif nema að þeir reyni að hafa áhrif. Margir stjórnmálamenn trúa því nú að Ísland hafi eitthvað fram að færa og hafi getu til að ýta við málum í alþjóðastofnunum.“

DV

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON SNÝR AFTUR

Nú vill hann selja okkur ameríska bíla

GEFUR UPP „TRAUSTA SAMSTARFSÁÐILA“ SEM KANNAST EKKERT VIÐ BÍLASÖLUNA

þeirir þegar aðrir þegja!

Ríki geta markað sér stærð
Af þessu má ráða að áhugi íslenskra stjórnvalda til að láta til sín taka á alþjóðavettvangi, til dæmis innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, ætti að geta skilið sér í kröftugu og sjálfstæðu starfi á því sviði. „Já, í rauninni,“ segir Baldur. „Þessa stundina takast á tvö sjónarmið um íslensk utanríkismál. Annars vegar er þetta hefðbundna sjónarmið, að Íslendingar eigi bara að einblína á innviði íslensks samfélags og einbeita sér aðeins að þeim utanríkis-samskiptum sem við græðum beint á, helst í beinhörðum peningum. Hins vegar er það sjónarmið að við höfum meira fram að færa og við eigum að taka virkan þátt í alþjóðakerfinu og alþjóðastofnunum. Þá hafa menn trú á því að við sem lítið ríki getum haft áhrif. Þannig segja margir sem svo að við séum svo smá og enginn hlusti á okkur og því sé enginn tilgangur með að við förum þarna inn. Þetta er mismunandi sýn á alþjóðakerfið sem og á getu lítils ríkis.“

Baldur viðurkennir að eftir sem áður takmarkist áhrif ríkja í alþjóðakerfinu af efnahagi, hernaðarmætti og slíku, að öflugustu gerendurnir muni ávallt verða ríkustu og sterkustu ríkin. „Það þýðir hins vegar ekki að hin séu áhrifalaus eða geti ekki haft tilburði til að hafa áhrif á tiltekna málaflökka. Þá kemur í rauninni til hver er vilji stjórnmálamanna í þessum löndum, hvernig líta þeir á getu ríkisins og alþjóðakerfisins. Innan tiltekinna marka

geta menn afmarkað sína stærð í alþjóðakerfinu.“
Í þessu ljósi bendir Baldur á að aukin þátttaka Íslendinga í alþjóðakerfinu – eða útþensla utanríkisþjónustunnar, eins og oft er sagt – ætti að skila sér. „Menn hafa ekki áhrif nema að þeir reyni að hafa áhrif. Margir stjórnmálamenn trúa því nú að Ísland hafi eitthvað fram að færa og hafi getu til að ýta við málum í alþjóðastofnunum.“ Hvort þau góðu áform skili sér svo í öflugu starfi verður tíminn hins vegar að leiða í ljós.

FRÉTTAVIDTAL
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is



ÖRYGGISRÁÐIÐ Íslendingar hyggjast næla sér í ráðinu en óvíst er hvort við höfum burði til að láta til okkar taka vegna smæðarinnar. Baldur telur að trú íslenskra stjórnmálamanna geti haft mikið að segja hvernig tekst til.



ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

**Það er ekkert mál að
lækka bensínverðið**

Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á heimasíðu Orkunnar og færð svo sent án endurgjalds. Þegar greitt er með frelsiskorti lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Einfaldast er að millifæra inn á kortið í heimabanka en aðrar leiðir eru að sjálfsgöðu færar. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á www.orkan.is.



ÞAÐ MUNAR UM MINNA



BENSÍNFRÆLSI

SPARAÐU 3 KR. í viðbót

TAKMARK

Rýmingarsala á ferðavélum • Sýningarv



ACER TravelMate 4101WLMi

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X700 skjá kort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

89.900



ACER TravelMate 2313LCi

1.5GHz Centrino M Celeron, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Mirage skjá kort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

59.900



ACER TravelMate 4001LMI

1.5GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" XGA skjár, 64MB ATI 9700 skjá kort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

89.900



ACER Aspire 1692WLMi80

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

119.900



ACER Aspire 9104WLMi

2.0GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjá kort, þráðlaust net, Sjónvarpskort, Windows XP Home


139.900



ACER TravelMate 4601WLMi

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X600 skjá kort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

99.900



ACER TravelMate 4502LCi

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Intel Extreme 2 skjá kort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

69.900



ACER TravelMate 4101WLMi-2

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB Intel GMA900 skjá kort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

79.900



ACER FERRARI 3000

2500+ AMD M Athlon, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD-RW skrifari, 15" SXGA skjár, 128MB ATI 9200 skjá kort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

129.900



ACER Aspire 2001WLCi

1.4GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI 9200 skjá kort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

69.900



Þitt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbreytingar.



FYRSTA GREIÐSLA 1. DES

KAÐ MAGN

élar og lítið útlitsgallaðar • Einstakt verð



TILBOÐ Á
0.000 KR
R FYRSTIR
RSTIR FÁ

30.000 LÆKKUN 3 stk

VL12
*Samváls Nr. 134866

10.825

HP
invent

HP Compaq NX8220
1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI X600 skjákort, Bluetooth, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

1 29.900

30.000 LÆKKUN 2 stk

VL12
*Samváls Nr. 82708

6.658

HP
invent

HP Compaq NX6110-D
1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

79.900

30.000 LÆKKUN 7 stk

VL12
*Samváls Nr. 103411

8.325

HP
invent

HP Compaq NX6110-3
1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

99.900

10.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
*Samváls Nr. 82705

4.992

HP
invent

HP Compaq NX6110-C
1.4GHz Celeron M Centrino, 256MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

59.900

20.000 LÆKKUN 5 stk

VL12
*Samváls Nr. 134466

10.825

Gateway

GATEWAY M460X
1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

1 29.900

10.000 LÆKKUN 20 stk

VL12
*Samváls Nr. 134466

10.825

DELL

DELL Inspiron 6000
1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, 8xDVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X300 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

1 29.900

20.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
*Samváls Nr. 82708

6.658

acer

ACER TravelMate 803LCi
1.6GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" SXGA skjár, 64MB ATI 9000, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

79.900

15.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
*Samváls Nr. 124714

9.992

acer

ACER Aspire 1801WSMi
2.96GHz Intel P4 515, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA skjár, 128MB ATI X600 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

1 19.900

20.000 LÆKKUN 2 stk

VL12
*Samváls Nr. 93060

7.492

acer

ACER Aspire 2012WLCi
1.5GHz Pentium M Centrino, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15.4" WXGA skjár, 64MB ATI 9700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

89.900

70.000 LÆKKUN 1 stk

VL12
*Samváls Nr. 103411

8.325

SONY

Sony Vaio S1HP
1.5GHz Pentium M Dothan, 512MB vinnsluminni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 13.3" WXGA skjár, 32MB ATI 9200 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

99.900



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á VISA eða Mastercard skuldabréf með 3.5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreiftist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Noatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerargötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

▶ FLÖT PLASMA OG LCD SJÓNVÖRÞ

ÖRPUNNT
LCD



GLÆSILEG ÞÝSK
GÆÐA HÖNNUN

GRUNDIG LXW828510

32" LCD HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu og 16ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 450 cd/m² birtustigi, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereo hljóðkerfi, 3 Scart tengum (með RGB) og PC tengi (DVI-D og VGA), SVHS og RCA tengi, heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

HD READY
PROGRESSIVE SCAN
UPPLAUSN 1366x768
MYND Í MYND

TILBOÐ ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 269.990



UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereo hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

ÖRPUNNT
LCD

TILBOÐ ▶ **149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



JVC LT32A60

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m² birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereo hljóðkerfi, fullkomnu textavarpi, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heymartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



JVC PD42B50

42" PLASMA BREIÐTJALDSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarpi, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarpi), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereo hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heymartólstengi, T-V Link og veggfesting.

TILBOÐ ▶ **299.990**

FULLT VERÐ kr. 349.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍK/KURSV/EDÍD: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Pristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduós. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. SR vélaverkstæði, Siglufirði. Ljósgrafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Tumbraður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

FEDERICO FELLINI (1920-1993) LÉST PENNAN DAG.

„Öll list er sjálfsævisöguleg. Perlan er ævisaga ostrunnar.“

FELLINI VAR FRÆGUR ÍTALSKUR KVIKMYNDAGERÐARMÁÐUR OG LEIKSTJÓRI.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 31. OKTÓBER 1926

Töframaðurinn lætur lífið

Á þessum degi árið 1926 lést Harry Houdini, einn frægasti töframaður allra tíma, úr lífhimnubólgu á sjúkrahúsi í Detroit í Bandaríkjunum. Tæpum tveimur vikum fyrr hafði hinn 52 ára Houdini spjallað við hóp nemenda eftir fyrirlestur í Montreal og tjáði þeim að magavöðvar hans væru gríðarlega sterkir og gætu þolað mjög föst högg. Öllum að óvörum kyldi einn nemendanna Houdini tvisvar í magann. Þar sem töframaðurinn var óviðbúinn sprengdu högginn í honum botnlangann.

Houdini veiktist á leiðinni til Detroit en kom þó fram í hinnsta sinn áður en hann var keyrður

á sjúkrahús. Hann fór í aðgerð en allar tilraunir lækna reyndust bera lítinn árangur enda hafði botnlanginn eitrað út frá sér.



HOUDINI

Houdini fæddist í Búdapest árið 1874. Hann fluttist ungur með foreldrum sínum til Bandaríkjanna og sýndi snemma mikla hæfileika í fimleikum og ótrúlega hæfni í að opna lása. Hann gekk til liðs við sirkus aðeins níu ára gamall og varð frægur fyrir að sleppa úr ómögulegum aðstöðum. Árið 1900 fór hann í sína fyrstu sýningarferð um heiminn. Eitt uppháldsatriði hans var að láta binda sig og læsa inni í járnkistu sem sökk var ofan í vatnshauk.

MERKISATBURÐIR

- 1517 Siðbótin hefst í Þýskalandi þegar Martin Lúther neglir ritgerð sína á kirkjudyri í Wittenburg.
- 1892 Fyrsta bók um Sherlock Holmes eftir Arthur Conan Doyle er gefin út.
- 1931 Strætisvagnar Reykjavíkur hefja akstur. Fyrsta leiðin er Lækjartorg-Kleppur.
- 1936 Útgáfa Þjóðviljans hefst.
- 1961 Yfirvöld í Sovétríkjunum láta færa lík Jósefs Stalín úr grafhvelvingu Leníns.
- 1964 Í tilefni af aldarfmæli Einars Benediktssonar er afhjúpuð stytta af skáldinu á Miklatúni.
- 1984 Indira Gandhi, forsætisráðherra Indlands, er myrt af tveimur lífvörðum sínum.

FÆDDUST PENNAN DAG



1795 John Keats skáld.



1887 Chiang Kai-shek forseti Kína.

AFMÆLI



Dan Rather, fyrrverandi fréttabulur, er 74 ára.



Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra er fimmtugur.



Rob Schneider leikari er fertugur.



Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður er 37 ára.



Eyvindur Þórarinnsson er fimmtugur í dag. Af því tilefni ætla hann að taka á móti gestum í Félagsheimilinu Þingborg laugardaginn 5. nóvember klukkan 20.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarförir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við teygur aðstoðað við undirbúning útfara. Allhliða útfararþjónusta. Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

Fróðleikur af gardur.is



Menntafrómuður og merkisberi heimilisíðnaðar.

Haldóra Bjarnadóttir

Haldóra Bjarnadóttir var fædd 14. okt. 1873 að Ási í Vatnsdal, dóttir Bjarna bónda Jónssonar, síðar í Ameríku, og k.h. Bjargar Jónsdóttur; þau skildu, er Haldóra var níu ára; fluttust þær mæðgur til Reykjavíkur. Heimiliskennari nýrðra 17-22 ára, lauk kennaraprófi í Osló 1899, var 1 ár

Björg hvílir í Akureyrarkirkju garði leið 54 svæði D 6, sjá nánar á www.gardur.is

Meira um hana á gardur.is



kennari við Barnaskólann í Reykjavík og Kvinnaskólann; kenndi við tvo barnaskóla í Noregi 1900-8. Skólastjóri barnaskólans á Akureyri 1908-18, fyrst kvenna til að stjórna stórum barnaskóla; stóð að merkur nýjungum. Sat í bæjarstjórn á Ak. Fyrsti form. Sambands norðlenskra kvenna. Kennari í handavinnu í Kennarask. 1922-30, ráðunautur almennings í heimilisíðnaði 1922-57. Beitti sér fyrir námskeiðum og sýningum, m.a. glæsilegri Landsýningu 1930, einnig á Norðurlöndum, í Vesturheimi o.v. Gaf út vinsælt ársrit, Hlin, í 44 ár. Rak tölvinnuskóla á Svalbarði við Eyjafjörð 1946-55. VSV blaðam. lýsti henni svo 1930: „há og tígulæg, klædd isl. skautbúningi, fögur í sinni reisu. Mér fannst þá, að ef nokkur kona gæti í lífanda lífi verið tákni hugmyndafræðis um Fjallkonuna, væri það Haldóra Bjarnadóttir.“ RF, heiðursfél. í mörgum félögum. Eigur hennar eru varðveittar í Halldórustofu á Blönduósi. Rit: Kvæði og leikir, Barnabók Hlinar, Vefnaður á ísl. heimilum. Hún var ógift. Varð elzt íslendinga, hélt andlegum kröftum fram yfir tírætt og lézt 27. nóv. 1981.

Hágt er að setja inn zviðnag lítinna hlöndinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is



ABDÖÐAR REYKINGAMENN Pétur reykti sjálfur í 35 ár og hætti fyrir átján árum. Nú heldur hann námskeið fyrir þá sem vilja losna undan reykingabölinu.

PÉTUR EINARSSON LEIKARI ER 65 ÁRA

Verður ekki leiður á að leika

„Mér finnst þetta í rauninni ekki mjög stórt tímamót, ég hugsa að þau verði stærra þegar ég verð löglegur eftir tvö ár,“ segir hann geðþekki leikari Pétur Einarsson sem er 65 ára í dag. „En ætli ég reyni ekki að draga einhverja til mín, allavega fjölskylduna,“ bætir Pétur við sem er þessa dagana að leika í leikritinu Sölu Völu í Þjóðleikhúsinu.

„Síðan er ég líka á kafi að reyna að koma upp heimasíðu fyrir reykinganámsskeiðin mín,“ segir Pétur sem hefur síðastliðin ár haldið námskeiði fyrir fólk sem vill hætta að reykja. „Á meðan einhver reykir þá held ég áfram með námskeiðin,“ segir Pétur sem sjálfur losnaði undan reykingabölinu fyrir átján árum með þeirri

aðferð sem hann kennir í dag. „Ég reykti í 35 ár, lágmark tvo pakka á dag og pípu og vindla öðru hvoru. Ég hætti með þessari aðferð sem heitir Easy way to stop smoking upp á ensku. Ég vaknaði á þriðja degi við það að vitundin er að kjafta við sjálfa sig og segir „guði sé lof að ég þarf ekki að reykja“ og á þessari stundu vissi ég að ég væri laus,“ segir Pétur sem telur þessa upplifun með þeim stærstu í lífi sínu þrátt fyrir að átján ár séu liðin.

Þótt eftirlaunaaldurinn nálgist dettur Pétri ekki í hug að hætta að leika. „Það er auðvitað miserfitt að leika en ég verð aldrei leiður á því,“ segir hann með áherslu. „Ég held að leikari verði að útiloka það. Um leið og það er inni í myndinni dettur hann

út enda ekki gaman að horfa á leikara sem leiðist,“ segir Pétur sem telur að hann hafi alið sig þannig upp að honum geti ekki leiðst í vinnunni.

„Maður er alltaf að kynnst einhverju nýju í sambandi við lífið og sjálfan sig. Og í leikhúsinu er maður alltaf að dila við sjálfan sig,“ segir hann og hlær að ungæðislegu málfarinu.

Pétur hefur lifað ófáa minnisstæða afmælisdaga á ævinni en minnst sérstaklega fimmtugsafmælis síns. Þó ekki endilega vegna veislunnar sem var þó vegleg heldur vegna þess að yngsti drengurinn hans var í veislunni nánast nýfæddur. Pétur á sér eina afmælisósk í ár. „Ekkert annað en að halda heilsu og ég lagði góðan grunn að því fyrir átján árum.“

Ljósakross

Hellu þjóðkrossum frá Burek henta þess sem vilt annað ljósakross þessu en að leiga sér kross, þeir eru með innbyggðu ljósi og tengt rafmagnsleiðum í góðurum aðlaunum sem endur í allt að 20 daga.

Það er ódýrara að kaupa ljósakross en að leigja hann

Fást um land allt!

HELLOUÖLÖSUNG

Burek Sími 460 1760 johann@isi.is www.burek.is

Félag framsóknarkvenna í Reykjavík er 60 ára

Framsóknarkonur fagna sextíu ára afmæli Félags framsóknarkvenna í Reykjavík á morgun. Haldið verður upp á tímamótin að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, milli klukkan fjögur og sex síðdegis. Flutt verður stutt ágríp af sögu félagsins og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra flytur ávarp. Að auki taka framsóknarkonur lagið og Jóhannes Kristjánsson flytur gamanmál.

Félagið hefur frá upphafi haft það að markmiði að stuðla að kynnum og samstöðu framsóknarkvenna og hefur stutt ýmis velferðarmál og líknastrarfsemi. Einnig hefur félagið verið virkur þátttakandi í



FRUMKVÖDLAR Félag framsóknarkvenna í Reykjavík átti frumkvæði að stofnun Landssambands framsóknarkvenna fyrir 24 árum.

pólitisku starfi flokksins. Félag framsóknarkvenna í Reykjavík átti frumkvæði að

stofnun Landssambands framsóknarkvenna fyrir 24 árum.



Sólarupprás	Hádegir	Sólarlag
Reykjavík 9.08	13.11	17.14
Akureyri 9.02	12.56	16.49

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 31. október
304. dagur ársins.

FASTEIGNASÖLUR

Ás	35-37
Bífröst	8
Borgir	9
Draumahús	25-29
Eignamiðlun	9
Eignastýring	12
Fasteignasofan	13
Fst. Suðurnesja	34
FF	44
FM	22
FMG	22
FMH	15
Foss	7
Fyrirtækjasala Ísl.	23
HÖf	14
Hóll	42-43
Hraunhamar	40-41
Húsalind	16
Húseign	18
Klettur	30-31
Lundur	32
Lyngvík	11
Neteign	21
Nýtt	10
Remax	45
Smárinna	38-39
Stoðir	20
Valhöll	6
X-Hús	11

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

[visir](http://visir.is)

allt-fasteignir

hús o.fl.

Leggðu parkettið sjálfur bls. 2
Góð nýting á súðarplássi bls. 4

fasteignir o.fl.

Hús Orkuveitunnar bls. 24
Samþykkt eign eða ósamþykkt? bls. 14

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Glæsilegt einbýlishús á besta stað við enda botnlanga.

ANTON

Einbýlishús úr timbri á besta stað í Garðabænum

Fasteignasalan Lyngvík er með til sölu vel staðsett timbureinbýlishús á einni hæð. Með eigninni fylgir falletur garður og bílskúr.

Í Löngumýri í Garðabænum er til sölu sérlega fallett tvöhundruð og fjórtán fermetra einbýlishús. Þar af er tæplega þrjátíu og sjö fermetra bílskúr. Húsið er á einni hæð með fimm herbergjum. Svefnherbergin eru þrjú og tvær stofur eru í húsinu.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskáp og inn af forstofu er flísalögð gestasnyrting.

Úr forstofunni er gengið inn í stóra parkettlagða sjónvarpsstofu með þakgluggum og er stofan björt og falleg. Úr sjónvarpsstofunni er útgengt út á austurverönd. Eldhúsið er með hvítri fulningainnréttingu

og er opið við flísalagða borðstofu. Inn af eldhúsinu er flísalagt þvottaherbergi og þaðan er útgengt út á plan. Inn af borðstofunni liggur parkettlögð stofa og frá henni er útgengi á hellulagða suðurverönd. Til móts við stofuna er flísalagður svefnherbergisgangur. Öll svefnherbergin eru parkettlögð með fataskápum. Baðherbergið er rúmgott með hvítlakkaðri innréttingu og viðarborð-plötu. Gólfíð er flísalagt. Gott skápláss og upphengt salerni. Baðherbergið er með nuddbaðkari, hornsturtuklefa og handklæðaofni.

Eignin er í mjög góðu ástandi. Garðurinn er fallega ræktaður og innkeyrslan er hellulögð. Lóðin er um 800 fermetrar. Húsið er úr timbri, var byggt árið 1987 og stendur í enda íbúðargötunnar innst í botnlanga. Ásett verð er 49,5 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU

[HÚS FASTEIGNIR]

Borgarstjóri hlustar er yfirskrift hverfafunda sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri efnir til með

íbúum allra hverfa Reykjavíkurborgar dagana 20. október til 16. nóvember. Alls eru níu hverfi í Reykjavík

og verða fundirnir því níu. Þeir hefjast allir klukkan 20 og standa í um það bil tvo tíma. Búið er að halda fundi með íbúum Laugardals í Laugalækjarskóla, íbúum Háaleitis í Breiðagerðisskóla og íbúum Grafarvogs í Víkurskóla. Næsti fundur verður haldinn með íbúum Árbæjar Grafarholts á miðvikudagskvöldið í Ingunnararkóla. Dagskrá næstu funda þar á eftir má finna á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is.

Öllum tvíbílum á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum

hefur verið breytt í einbýli auk þess sem búið er að byggja nýja hæð ofan á núverandi byggingu. Á nýju hæðinni eru 26 einbýli með sér baðherbergi, sameiginlegur eldhússkrókur, borðstofa og setustofa.

Í september var vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu 283,3 stig en það er 0,9% hærra en í ágúst. Vísitalan hefur hækkað um 12,6% síðasta hálfa árið og 37,0% síðasta árið.

Frá 14. október til 20. október var fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu 153. Meðalupphæð samnings var 24,6 milljónir og heildarveltan var 3.768 milljónir. Á Akureyri var 21 kaupsamningi þinglýst á sama tíma. Meðalupphæð á samning þar var 14,2 milljónir og heildarveltan 279 milljónir.

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Nú er tíminn

til þess að fara að við að sér eldiviði ef arinn er í húsinu. Ekki þarf samt endilega að fara út í skóg og höggva niður tré því að hægt er að kaupa fínasta eldiviði í ýmsum verslunum.



ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGD ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Rc Hus Grensasvegji 22. Sími 511 5550. Veffang. www.rchus.is

AMERÍSKIR GLUGGAHLERAR

glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756



Örn Arnason gerði pallinn sinn upp í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GÍTARINN HEIÐJÓDFÆRAVERSLUN

Opíð: Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Þjóðlagagítar Kr. 12.900,-
Rafmagnsgítar Kr. 16.900,-
MAPEX Trommusett Frá kr. 43.900,-
Klassískur Gítar Kr. 10.900,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Pússaði pallinn og hann varð eins og nýr

Örn Arnason lagfærði pallinn sinn í sumar. Pallurinn gegnir ýmsum hlutverkum og er Erni meðal annars nauðsynlegur í morgunsárið.

Síðasta verk Arnar Arnasonar í húsi sínu var að pússa pallinn og voru þær framkvæmdir gerðar í sumar. Pallurinn var tæplega tuttugu ára gamall og orðinn dökkur eins og Örn bendir réttilega á að gerist við timbur með tímanum. Handlagi leikarinn tímdi ómögulega að skipta um allt gólfið svo hann greip til annarra ráða. „Ég skeindi bara rétt ofan af pallinum

og olíubar hann. Þetta var ódýr og flott aðgerð og í hana fór einungis einn vinnudagur ásamt pússuvél og smá olíu. Pallurinn varð eins og NÝR,“ segir Örn með áherslu. Pallurinn hefur orðið að framlengingu á stofunni og nýttist hjónunum mikið og oft. „Þegar góð og hressileg rigning er skellir maður sér út á veröndina með kaffibolla. Nei nei, ég segi svona. En þegar veðrið er gott fer maður sannarlega út.“ Örn þarf ekki á ofni að halda á pallinum þar sem hann lumar á sérstökum hitara. „Það stafar svo miklum hita af okkur hjónunum að það dugir meira en nóg.“ Veröndin skipar sess í morgun-

venjum Arnar en þar dregur hann iðulega fyrsta andardrátt dagsins og skiptir þá engu máli hvernig viðrar. „Maður fer bara út og dregur andann djúpt.“ Það kemur upp úr kafinu að Örn hefur ekki verið alveg laus við smíðarnar síðan sumrinu lauk. Og fleiri allar koma við sögu en sá sem heima er. Hann er nefnilega á leiðinni austur í sumarbústaðinn meðan á viðtalinu stendur og ætlar að fríska upp á pallinn sinn þar. „Maður reynir að negla nokkra nagla, þetta gengur hægt en gengur samt. Svo getur maður notað þetta undir pallaleikfimi þegar fram í sækir!“ mariathora@frettabladid.is

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Ekki vefst fyrir handlögnum að leggja parkett.

Leggðu eigið parket

Margt má gera sjálfur á heimilinu. Hér er gefin hugmynd að verkferli til að leggja parkett en mælt er með að fólk leiti til fagmanna áður en farið er á hnén í framkvæmdir.

Fyrst þarf að huga að því að hreinsa öll gólf af múrögnum áður en hafist er handa við lagningu. Ganga verður úr skugga um að gólfi sé hreint, slétt og þurr. Undirlag er notað undir parkettið til að dempa hljóð við umgang á því. Undirlaginu er rúllað út og skorið í rétta stærð. Ekki brjóta upp á hornin.

Þegar parkettið er lagt þarf að skoða hvert borð um leið og það er lagt niður. Fyrsta borðið er lagt

með raufina upp við vegg. Setja þarf fleyga (um 8 millimetra á þykkt) milli veggjar og fyrsta borðs. Það er til að mynda bil frá veggnum svo að parkettið hafi möguleika á að hreyfast. Þetta bil hverfur svo þegar góflistar koma á. Ef veggurinn er boginn, þarf að mæla sveigjuna og laga fyrstu borðaröðina að veggnum.

Ávallt þarf að hafa 8 millimetra bil út til veggja, allan hringinn. Fyrstu þrjár borðaröðir eru límdar saman og sá fleki látinn standa í um klukkustund meðan límið tekur sig. Munið að setja fleyga á hvorn endann á fyrsta flekanum. Að lögnum lokinni er límið látið þorna í um sex klukkustundir áður en millilegginn eru fjarlægð út til veggja.

{ Húsráð

Hreinsun á penslum og rúllum

MIKILVÆGT AÐ HREINSA TÓLIN STRAX.

Oft er freistandi að láta frágang eftir erfiðisverk biða til betri tíma. Eftir notkun á málningarpenslum og rúllum er mikilvægt að hreinsa tólin strax. Málning hefur víst þann eiginleika að þorna og getur því auðveldlega eyðilagt pensla, rúllur og bakka.

Ef málað er með vatnsmálingu er best að skola úr blautum penslum með köldu eða volgu vatni eða penslasápu sem er umhverfisvæn og mild við húð. Þess má líka geta að penslasápan gerir kraftaverk fyrir gamla harða pensla sem verða eins og nýr séu þeir látnir liggja í penslasápunni í tvo til þrjú daga. Ef málað er með olíumálingu þarf að hreinsa penslana með terpentínu eða penslasápu.

Hafið í huga að ef málningin er skoluð af í baðkeri er nauðsynlegt að skola baðkerið strax á eftir með sjóðheitu vatni. Gott er að vefta plasti utan um penslana eða búa um þá í pappir og ganga vel frá þeim svo þeir séu tilbúnir til notkunar næst þegar þarf að mála.



{ fróðleikur

Hleðsluborvélur

ÞEGAR BORVÉL ER KEYPT ER GOTT AÐ VANDA VALIÐ SVO VÉLIN ENDIST VEL OG SÉ ÞÆGILEG Í NOTKUN.

Yfirleitt kosta hleðsluborvélur um þrjú til fimmtánþúsund krónur en fagmenn kaupa oftast dýrari vélar sem kosta á bilinu tólf til 50 þúsund.

Hægt er að fá ýmsar tegundir og gerðir af borvélum og er munurinn á þeim fólgin í ýmsu. Borvélarnar hafa mismunandi mótör, patrónu, hús, kraft, fjölda rafhlaðna og endingarlangd og svo framvegis. Yfirleitt tekur um fimm til sjö klukkustundir að hlaða ódýrari vélar en klukkustund eða minna í dýrari vélunum. Endingartími rafhlaðna er mældur í Ah (amperhour) og því hærrí sem talan er því lengur endast rahlöðurnar. Gott er að athuga hvort tvær rafhlöður fylgi vélunum. Aukarafhlaða getur numið allt að helmingi af verði vélarinnar.

Hleðsluborvélur eru til 9,6 til 24 volta en það segir ekki til um kraft þeirra. Kraftur hleðsluborvéla getur verið afar mismunandi og er hann mældur í Nm. Framleiðendur vélaanna nota tvær til þrjár mæliáðferðir á Nm. Gullna reglan er þó að dýrari vélar eru öflugri en þær ódýrari. Hleðsluborvélur með stíglausum hraða gera notanda kleift að stýra snúningshraða þeirra. Sumar vélar eru ekki með stíglausum hraða sem þýðir að þær fara á fullan snúning um leið og þrýst er á rofann.




RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR FJALLAR UM ELDHÆTTU OG BRUNAVARNIR

Englavakt

Nú þegar er fólk farið að kveikja á kertum til að lýsa upp skammdegið. Brátt koma svo blessuð jólin með tilheyrandi kertaskeytingum og adventuljósum. En það er að mörgu að hyggja þegar maður notar lifandi ljós. Til að hindra bruna ættu vissir hlutir að vera á bannlista: Kertastjakar úr tré og plasti, mansjéttur úr plasti, þurrkuðum blómum og silkiþlómum, skraufþurr hreindýramosi og léleg kerti úr parafíni. Sumar ljósluktir eru líka varasamar. Margir halda að teljósinn í álbikurinum sé algjörlega örugg og séu ennþá öruggari í hálflokuðum luktum úr keramíki. En það getur verið alveg þveröfugt. Margar luktir loka logann of mikið inni svo að það verður svo heitt inni í luktinni að kviknað getur í öllu vaxinu í teljósinu. Hitinn getur leyst úr læðingi lofttegundir sem geta valdið því að kviknað getur í luktinni sjálfri. Auk þess eru sumar luktir málaðar með eldfimri málningu. Veljið helst luktir úr steini eða málm. Gler er í lagi svo fremi sem glerluktin þrengist ekki að ofan því

annars getur hún sprungið. Ef þið gerið kertaskreytingu eða adventukrans með hreindýramosa kaupið þá mosa sem unninn er með eldvarnarefni. Svoleiðis er til á hinum Norðurlöndunum og ætti að vera til hér. Ef ekki, spyrjið þá endilega eftir því til að auka eftirspurnina. Kæfið eldinn ef skaðinn er skeður. Reynið ekki að hella vatni á fljótandi logandi vax. Þá skvettist vaxið út og suður og getur dreift eldinum. Fyrir venjuleg kerti er til nokkuð sem nefnist kertaslökkvari. Sá kertaslökkvari sem hefur komið best út úr eldvarnarprófunum er kallaður Englavaktin á íslensku. Það er 6,5 cm hár glær sívalningur úr eldtraustu polyten-efni sem hægt er að þræða á kertið. Þegar loginn nær röriinu logar hann rólega og kæfist alveg. Það er mikilvægt að rörið sé þétt utan um kertið að hluta til eða alveg. Ef kertið er of mjótt virkar þetta ekki. Það skal ítrekað hér í lokin að þessi kertaslökkvari eins og aðrir geta gefið falska öryggiskennd. Farið aldrei frá logandi kertum, jafnvel ekki í skamma stund.



NÝ SENDING AF VÖRUM

BORÐ FYRIR TVÖ
KRINGLAN

Garðshlið geta komið sér vel

Veita ákveðið öryggi á sama tíma og þau prýða garðinn.

Það getur verið sniðugt að loka garðinum með fallegu hliði. Hlið geta komið sér vel ef ung börn eru að leik í garðinum og þau geta líka skapað gamaldags og rómantíska stemningu. Það er hægt að kaupa tilbúin hlið en það getur líka verið gaman að hanna þau og smíða sjálfur. Heimatilbúið hlið gefur garðinum persónulegt og skemmtilegt yfirbragð.



Lítið og fallegt húsið nýtur sín enn betur fyrir innan hlið.



Hvítt og blátt í stíl við himininn og skýin.



Hægt er að hafa húsnúmerið á hliðinu.



Hér er trjágróður látinn mynda umgjörð um hliðið.



Hér er hlaðinn veggur í kringum garðinn með fallegu bláu hliði.



Gamaldags hlið.



Yfirbyggt hlið.




Skemmtilega hannað hlið.

SKIPULAG



Skápar á brautum
Hámarks nýting á plássi



Leitið tilboða



Skjalaskápar



200 cm

100 cm



Læstir fataskápar fyrir vinnustaði og skóla
Margar stærðir og gerðir!
Gæði og gott verði!



Geymsluskápar

200 cm

100 cm

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is • www.hillur.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Útihurðir - Svalahurðir Gluggar - Lausafög Stigar, allar gerðir

Mex ehf. Lynghóls 3 Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 Fax 567 1370 Gsm 848 3215



GLÓFAXI HE.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

ÚTSALA



local

Skeifan 3A • 108 Reykjavík
Sími 517 3600 • Fax 517 3604
mylogo@mmedia.is • www.local1.is



Hreinlætistækja

...dagar í október



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

VEGGFÓÐUR



Ingunn sýnir Völu hvernig höfuðgaflinn nýttist einnig sem geymslupláss.

STEFÁN

Pláss undir súð nýtt undir skápa og hillur

Í hönnunar- og lífsstílsþættinum Veggfóðri í kvöld mun Vala Matt kíkja í heimsókn til Ingunnar Hafstað arkitekts sem sýnir sniðuga lausn fyrir svefnherbergi undir súð.

„Það er svo gaman að í hverjum þætti eru einhverjar skemmtilegar hugmyndir sem eru sniðugur fyrir fólk til þess að notfæra sér heima,“ segir Vala og bætir við að lausnin hennar Ingunnar sé einkar frumleg. Það sem Ingunn hefur gert er að nýta pláss undir súð í svefnherberginu hjá sér sem

skápláss. „Hugmyndin kom út frá aðstæðum. Við vildum færa höfuðgaflinn aðeins frá veggnum þannig að fólk ræki ekki höfuðið upp í súðina. Það vantaði líka meira geymslupláss þannig að gaflinn var gerður að geymslu því þar er hægt að koma fyrir dóti líka,“ segir hugmyndasmiðurinn Ingunn.

Rúmið er við hliðina á skápum sem koma líka undir súðina nema að pláss vantaði fyrir náttborð. Þá kom Ingunn með þá lausn að hafa náttborðið útdraganlegt inni í höfuðgaflinum. „Á endanum á gaflinum er náttborðið sem þú dregur út og síðan er hægt að



Hér sést hvernig súðin hefur verið nýtt undir skápláss. Náttborðið er inni í gaflinum beint á móti.

draga út skúffur. Til þess að opna skápinn innst undir súðinni þá færir maður náttborðið aftur inn í gaflinn. Hver krókur og kimi er því mjög vel nýttur.“ Ingunn er nýbúin að opna arkitektastofuna SkelEgg á Laugavegi ásamt tveimur öðrum og hún segir að hún geti vel útfært svipaðar lausnir fyrir fólk sem berst við sama vandamál og hún gerði.

Betur verður fjallað um þessa sniðugu lausn í Veggfóðri í kvöld klukkan 21.00 á sjónvarpsstöðinni Sírkus.



Ingunn Hafstað arkitekt við útdraganlega náttborðið sitt með skúffum.

allt tíska

Alla fimmtudaga



...um mat

á föstudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

Litir

Veggir móta lund

LITAVAL Í IBÚÐUM ER TÍSKUSVEIFLUM HÁÐ.

Það dettur inn og út úr tísku að mála einn eða fleiri veggir á heimilinu í sterkum lit. Litir á veggjum í herbergjum geta haft áhrif á skapsveiflur heimilismanna svo það er ekki úr vegi að kynna sér aðeins hvað litirnir kalla fram.

Rauður: tengist ástríðu, orku, hættu, hlýju og bjartsýni. Best er að hafa borðstofuna rauða því rauður er hvetjandi og örvar matarlystina. Rauði liturinn getur hins vegar verið yfirþyrmandi og leitt til höfuðverkjá og er stranglega bannaður í barnherberginu.

Bleikur:



tengist ást og vellíðan. Bleikur fer best í svefnherberginu því hann getur líka verið örvandi. Bleikur getur orðið væmínn og yfirþyrmandi og því er best að hafa dökkgrátt eða svart til mótvægis.

Grænn: er afslappandi og skapar jafnvægi og fer best í svefnherberginu eða stofunni. Of mikil græn áhrif geta stuðlað að leti og framkvæmdaleysi og því er nauðsyn að hafa einn rauðan púða eða svo til að hræra aðeins upp í orkunni.

Blár:



er róandi, örvar hugann, heldur matarlyst í skefjum og dregur úr martröðum. Hann á best heima á skrifstofum og baðherbergjum. Þess ber að gæta að blái liturinn verði ekki kaldur og fráhrindandi með því að velja lit með hlýjum undirtón.

Gulur:



tengist sólskini og orku og örvar rök-hugsun og skynsemi. Gul liturinn er fallegastur í eldhúsinu, borðstofunni eða herbergjum sem snúa í norður. Ekki er þó mælt með að hafa hann í svefnherberginu því hann getur leitt af sér tilfinningalegt umrót.

Svartur: litur á veggjum ber vott um sérvisku og kallar á dramatik og angist. Ekki er mælt með að neitt herbergi sé málað í svörtum lit eingöngu heldur aðeins notaður til að milda sykursæta bleika og appelsínugula líti.

Eldvarnarhurð eða ekki?

Hver er munurinn á eldvarnarhurðum og venjulegum hurðum og hvar eiga eldvarnarhurðir að vera.

Samkvæmt Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eiga allar hurðir á milli stórra eldryma að vera eldvarnarhurðir. Hurðir á milli íbúðar og bílskúrs og allar hurðir inn á stiganga eru dæmi um hvar eldvarnarhurðir verða að vera.

Hurðasérfræðingur Harðviðarvals segir að í raun og veru sé hægt að fá allar gerðir hurða á þessu eldvarnarformi. Þær séu bara úr betra efni og eru mun massívari. Meira að segja er hægt að fá eldvarnarhurðir með glugg-

um en glerið í þeim er úr sérstöku vírgleri. Mestu máli skiptir listinn sem er í kringum hurðina. Þegar reykur byrjar að leika um hann byrjar listinn að tútna út og kemur þannig í veg fyrir að reykur og eldur komist úr herberginu. Um er að ræða hurðir sem kallast B-30 og eiga þær að geta hamið eld og reyk í að minnsta kosti 30 mínútur.

Júlíus Hafsteinsson, forstjóri Parka, segir að nú sé mikil endurnýjun í eldri fjölbýlishúsum því aðeins um 20-30% þeirra hurða sem þar eru uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í dag. Ef

ekki eru eldvarnarhurðir á þeim stöðum sem reglur segja til um þá getur það haft áhrif á tryggingarmat ef tjón á sér stað. Júlíus segir að það sem helst standi í vegi fyrir endurnýjun sé sú staðreynd að eldvarnarhurðir eru hjá flestum söluaðilum um 100% dýrari en venjulegar hurðir.

Taka verður hins vegar með í reikninginn að slíkar hurðir eru mun vandaðri og endast lengur auk þess sem þær geta bjargað bæði eignum og lífum.

Eldvarnarhurðir líta alveg eins út og venjulegar hurðir.



Listinn kringum hurðirnar gegnir höfuðmáli í vörnum gegn eld og reyk.

Amerísk rúm Nýtt útlit



RAKEL



Signature Queen rúm kr. 137.900,-
Með leðurbólstruðum botni og höfðagalli.



Lady Queen rúm kr. 134.900,-
Með leðurbólstruðum botni og höfðagalli.



Tvíhert háþróað gormakerfi



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan selkant og meira svefnsvæði



Val um 100% náttúruleg gæðaeefni

Hannaðu þitt eigið rúm

Nýjung fyrir amerísk rúm. Nú hefur Betra Bak leitað á ný mið hönnunar á útfærslum amerískra rúma. Við bjóðum upp á mikið úrval nýrra rúma í takt við tímann. Hönnunin ber með sér evrópskan stíl þar sem leitað hefur verið eftir nýjstu línunum samtímans. Um er að ræða margar gerðir af höfðagöllum með úrvali af útliti og efnisvali, botnar er fánlegir í stíl við gaffinn og mismunandi gerðir lappa.

Komdu og upplifðu nýjstu strauma evrópskrar hönnunar með amerískri dýnu á ótrúlegu jölatilboði í Betra Bak.



Thelma King rúm kr. 234.900,-
Með bólstruðum botni og viðar/bólstruðum höfðagalli.

THE
NeverTurn
MATTRESS

Þú þarft aldrei að snúa henni
Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending SpringAir dýnnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

Hægt er að fá allar gerðir hurða sem eldvarnarhurðir.

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Ópið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra
BAK**

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

www.valholl.is - Opið mán.-fim. 9.00-17.30 - fös. frá kl. 9-17. Lokað um helgar.
Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali.

Rauðavað 5-11 - afhendast fljótlega



Nýjar glæsil. 2ja - 3ja og 4ra herb. sér-íbúðir í nýju 3ja hæða fjölbýli með sérinnangi af svölum í allar íbúðir. Íbúðum á jarðhæð fylgir stór sérarafnotaréttur af lóð. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Afh. á húsinu nr. 9-11 er eftir 3 mán. Fullbúnar íbúðir (án gólfefna) með flisal. glæsil. baðh. vönduðum innrétt. frá HTH m. mögul. á vali á spónartegund í hluta íbúðanna. Hús, lóð, bílageymsla og stæði afh. fullfrág. Verð 2ja herb. 93 fm á jarðh. er 19,9 millj. Verð 3ja herb. 108,5 fm er frá 22,8 millj. Verð 4ra herb. 119,1 fm 25,9 millj. eigum einnig eftir örfáar íbúðir í nr. 5-7 sem eru til afh. við kaupsamn.
Allar nánari upplýsingar á Valhöll eða á www.nybyggingar.is

Holtsgata - Bræðraborgarstígur með bílskýli



Lítið við á Valhöll eða sjáið nánar á: www.nmedia.is/holtsgata

Nýjar glæsil. íbúðir! Í einkasölu nýjar glæsil. 2ja - 4ra herb. íbúðir á þessum einstaklega góða stað. Stæði í bílskýli fylgir öllum íbúðum. Um er að ræða 6 íbúðir í nýju 3ja hæða húsi og 7 íbúðir í 4ra hæða lyftuhúsi. Íb. afhendast fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flisal. baðherb. Verð frá 19,9 - 40,5 millj.

Njálsgata 19 - lyftuhús, bílskýli



Í einkasölu glæsilegar 1-4ra herb. íbúðir í nýju lyftuhúsi. Íbúðirnar eru frá 45 - 120 fm að stærð og afhendast fullfrágengnar með öllu, þ.e. innréttingum, gólfefnum, flisal. baðherb. og fl. Flestum íbúðunum fylgir stæði í lokuðu bílskýli.

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu eða á www.nybyggingar.is undir fjölbýli.

Selvað 7-11 - nýtt lyftuhús með bílskýli




Nýkomið nýtt glæsil. lyftuhús m. 28 íbúðum frá 2ja - 5 herb. að stærð. Húsið afhendist fullb. að utan og lóð og bílastæði afhendast fullfrág. Íbúðirnar sem eru frábærlega velskipulagðar afhendast fullbúnar með vönd. innréttingum frá Brúnas en án gólfefna og án flisalagnar á baðherbergi. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íb. (nema tveimur 2ja herb.) Verð 2ja herb. frá 15,9 millj. Sjá nánar á www.nybyggingar.is - Verð 3ja herb. frá 19,9 millj. Verð 4ra herb. frá 22. millj. - Verð 5 herb. frá 25,9 millj.

Við Elliðavatn- Raðhús á einni hæð.



Til sölu glæsil. 152 miðjuraðh. á einni hæð á fallegum útsýnisst. m innb. bílskúr. Húsið er til afh. strax rúml. tilb. undir tréverk, loft klædd og, rafm. nær fullb. Fráb. staðs. Teikningar og nánari uppl. á skrifstofu Valhallar. V. 35 m.

Baugakór - nýjar séríbúðir í fjörbýlishúsi



Verð neðri hæða 28,5 millj. - Verð efri hæða 29,5 millj.

Vorum að fá í einkasölu glæsilegar nýjar íbúðir í fjörbýlishúsi á frábærum stað í Kórahverfi. Íb. afhendast fullbúnar án gólfefna m. vönduðum innrétt. Hornbaðkar og innrétting á baði. Íbúðum á jarðhæð fylgir sérlóð. Hús lóð og bílastæði fullb. að utan.

Flesjakór - glæsilegt parhús neðan götu



Í einkasölu glæsilegt ca 218 fm parhús sem er staðsett neðan við götu á þessu einstaklega góða stað í Kórahverfinu. Húsið afhendist í jan. 2006 fókelt að innan. Að utan verður húsinu skilað fullbúnu sumarið 2006. Einstaklega skemmtileg teikning. Sjá nánar á www.nybyggingar.is Verð 31,9 millj.

Drekakór - parhús til afhendingar fljótlega.



Glæsil. 181 fm parh. á 2.h. m. innb. tvöf. bílskúr(jeppabílskúr). Húsið skilast frág. að utan og fókelt að innan. 4 svefnherb. Flott teikning. Farðu inn á www.nybyggingar.is og sjáðu teikningar og prentaðu þær út. V. 33 millj.

Pingvað - einstakl. glæsilegt einbýli.



Í einkasölu stórgl. 285 fm einb. á jaðarlóð og á einni hæð. Skilast frág. utan og rúml. fókelt innan. Búið að greiða heimtaugagjöld. Mahognygluggar og hurðir. Í dag er verið að byrja á húsinu og hægt að hafa áhrif á skipulag þess.
Teikn. á skrifstofu eða á www.nybyggingar.is

Sóleyjarrimi í Grafarvogí fyrir 50 ára og eldri.



Í einkasölu glæsilegar 105 fm íbúðir á 3. hæð í eftirsóttu velstaðsettu lyftuhúsi sem er fyrir 50 ára og eldri. Tvær íbúðirnar afhendast fullfrág. og er ein íbúð fullbúin með vönduðu parketi, stórar suðursvalir. Glæsilegt eldhús og bað. Góð staðsetning stutt hjá t.d. Spönginni. Laus strax. Verð aðeins 23,9 m.

Tröllateigur Mosf. bæ - Raðhús



Glæsil. 2ja h. frábær. skipul. raðhús á mjög góðum stað í Mosfellsb. Húsin eru um 165 fm að stærð með innb. bílskúr. Mögul. á allt að 4 svefnherb. Góðar svalir. Afh. fullb. að utan og rúml. fókelt að innan þ.e. búið að einangra loft og flota gólfín.

Verð á endah. er 25,9 millj. en miðjuhús er á 24,9 millj.
Allar upplýs. á Valhöll eða á www.nybyggingar.is

Ný glæsileg neðri hæð við Baugakór aðeins ein íbúð eftir



Í einkasölu glæsileg 3ja herbergja 115 fm neðri hæð með sér inngani í mjög vel staðsettu nýju fjörbýli. Sér verönd. Afh. í febrúar 2006 fullb. án gólfefna. V. 25,5 m.

Tröllateigur Mos - 2 íbúðir eftir



Nýjar glæsil. sérh. á mjög góðum stað í Mosf. bæ. Um er að ræða 4ra herb. séríb. sem afh. fullfrág. án gólfefna seinnipart ársins 2005. Hús, lóð og bílast. afh. fullfrág. Verð 24,8 m.

Sérh. við Andarhvarf í Kópavogí.



Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm. Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Frábær staðsetning á góðum útsýnisstað. V. 35,9 m.

Við Elliðavatn- Raðhús á einni hæð.



Til sölu glæsil. 152 miðjuraðh. á einni hæð á fallegum útsýnisst. m innb. bílskúr. Húsið er til afh. strax rúml. tilb. undir tréverk, loft klædd og, rafm. nær fullb. Fráb. staðs. Teikningar og nánari uppl. á skrifstofu Valhallar. V. 35 m.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á skrifstofu eða á www.nybyggingar.is sérhönnuðum vef sem hýsir allar okkar nýbyggingar með góðum kynningum og STÓRUM grunnmyndum allra íbúða/húsa.

FOSS

FASTEIGNASALA

HÁTÚN 6A
SÍMI
 5 12 12 12
FAX
 5 12 12 13
Netfang:
 foss@foss.is



Bragi Björnsson
 lögmaður
 og löggiltur
 fasteignasali



Börkur Hrafnsson
 lögmaður
 og löggiltur
 fasteignasali



Úlfar P. Davíðsson
 sölustjóri

VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR = VANTAR

VEGNA MIKILLAR SÖLU UPP Á SÍÐKASTIÐ VANTAR OKKUR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ. ENDILEGA HAFIÐ SAMBAND VIÐ SÖLUMENN OKKAR Í SIMA 512 1212

ÁLFKONUHVARF - 4RA HERB.



Stórglæsileg 120 fm 4ja herb. íbúð í fallegu fjölbýli, með sérinnng. af svölum og stæði í bílsk. Stofa og borðst. með parketi á gólfi. Rúmg. svalir. Eldhúsið með flisum á gólfi, vönduðum innréttingum og eldhústækjum, háfur yfir eldavél. Stór og fallegt baðherb. Þrjú stór og björt parketlögð sv. herb. með skápum. Þv. hús í íbúð. Verð 30,5 millj.

HÖRGSHOLT - 2JA HERBERGJA



Björt 2ja herb. íbúð á jarðh. alls 57,3 fm í húsi byggðu 1993 við Hörgsholt í Hf. Hol með fatask. Stofa, eldhús og borðst. í opnu rými. Ljóst parket á gólfum. Útrá stofu er gengið útá rúmg. víðarverönd. Eldh. með fallegri innr. Sv. herb. með fatask., parket á gólfi. Baðherb. er rúmg., flísal. hólf í gólf með baðkari, tengi fyrir þv. Rúmg. geymsla með glugga. Verð 13,7 millj.

TJARNARSTÍGUR - SÉRH. Á SELTJ.



Erum með í sölu fallega efri sérhæð ásamt bílskúr á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi. Hæðin er björt og opin. 4 svefnherb. eru í íbúðinni. Baðherbergi er nýlega standsett. Stofa, borðstofa og eldhús í alrými, dökkt parket á gólfum. Eldhús með nýlegri og fallegri víðarinnréttingu, vönduð tæki. Flísalagðar svalir með góðu útsýni. Stutt er í alla þjónustu. Verð 31,9 m.

REYNIMELUR - ÞRIGGJA HERB.



Erum með í sölu 3ja herbergja, 72,5 fm íbúð á efstu hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi við Reynimelur í vesturbæ Reykjavíkur. Stofa og borðstofa í alrými. Rúmgóðar svalir frá stofu. Glæsilegt útsýni. Sameign er snyrtileg. Góð íbúð á afar eftirsóttum stað í vesturbænum. Verð 18,2 milljónir

FAGRIHJALLI-KÓPAVOGUR




Vel skipulagt og bjart 228,3 fm parhús á þremur hæðum á góðum stað í Kópavogi. 4 svefnherb. eru í húsinu auk góðs fataherb. Tvær stofur, borðstofa/sólstofa og fallegt opið eldhús. Parket og flisar eru á gólfum. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni. 46,3 fm viðarsólpallur. Góður 46,3 fm bílskúr. Góð eign á eftirsóttum stað. Verð 44,9 m.

LJÓSHAIMAR-ÚTSÝNI



Glæsileg 2ja herbergja 79,4 fm íbúð á 9. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin var standsett árið 2000. Inng. með fallegum flisum. Oprið eldhús. Búr innaf eldhúsi með tengi fyrir þvottavél. Stórar ca 18 fm svalir með frábæru útsýni. Rúmgóð stofa. Frábært útsýni. Verð 16,9 milljónir.

AUÐBREKKA - SÉRHÆÐ Í KÓP.



Góð 5 herb. sérhæð alls 135 fm (þar af 25,2 fm bílskúr). Íbúð mikið endurnýjuð og hús í góðu ásigkomulagi. Forstofa með fataskáp. Stórt eldhús. Tvær samliggjandi stofur. Góðar svalir. 3 svefnh. Góður 25,2 fm bílskúr með góðri 5 fm gryfju fylgir eigninni. Björt sérhæð í Kópavogi. Verð 23,9 m.

FROSTAFOLD - GRAFARVOGUR



Góð 3ja herbergja 95,6 fm íbúð ásamt stæði í bilageymslu við Frostafold í Reykjavík. Forstofa með skáp. Eldhús er opið, hvít snyrtileg innrétting. Stofa er stór og björt með parketi á gólfi. Útgengt er á góðar svalir frá stofu. Baðherbergi er stórt, tengi fyrir bæði þvottavél og þurrkara. Tvö svefnherbergi. Hús í góðu ásigkomulagi. Verð 19,3 milljónir.

FUNALIND-ÚTSÝNI



Rúmg. 3ja herb. íbúð með góðu útsýni á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýli. Parket er á flestum gólfum nema baði og þv. h. Hol með fataskáp. 2 sv. herb. með góðu úts. og fatask. Bað er flísalagt. Stofa og borðst. í alrými. Útg. á sv. frá stofu. Eldh. er með eldhúskr., falleg víðarinnrétting. Innafr eldhúsi er sérþv. h. Lóð með leiktækjum. Verð 21,5 millj.

VESTURVALLAGATA - FALLEG



Falleg og rúmgóð 65,4 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð. Íbúðin er afar snyrtileg með nýlegum gólfefnum. Frábært útsýni. Stórt eldhús. Björt stofa með útgengi á rúmgóðar svalir sem snúa til suðurs. Baðherbergið er rúmg. Björt og rúmgóð eign með einstöku útsýni á afar eftirsóttum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Verð 15,9 m.

FÍFULIND - KÓPAVOGUR



4ja herbergja íbúð, 104,4 fm í Lindunum í Kópavogi. Úr stofu er útgengt á svalir sem snúa til suðurs. Eldhús með fallegum víðarinnréttingum. Við eldhúsið er sér þvottahús með flisum á gólfi. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi flísalagt gólf og veggir. Stutt í alla þjónustu, leikskóla, skóla, verslanir og td. Smáralind. Verð 23,9 milljónir.

FRAMNESVEGUR - RIS



Hlýleg og vel skipulögð risíbúð við Framnesvegur í Reykjavík. Íbúðin er nýlega standsett. Baðherbergi flísalagt hólf í gólf. Svefnherbergi með fallegum nýjum fataskáp. Hvíttað eikarparket á gólfum. Innfæld halogen-lýsing er í íbúðinni. Ris er yfir hluta af íbúð. Falleg íbúð á vinsælum stað í vesturbænum. Verð 14 milljónir.



Foss fasteignasala, Hátúni 6a, sími 512 12 12, Fax 512 12 13, Netfang foss@foss.is



Arkitekt: Kristín Guðmundsdóttir
 SEGIR FRÁ VERKI SINU


Arinn sem er líka skjávarpi

KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR HANNAÐI MJÖG SKEMMTILEGAN ARIN Í HÚSI Í GARÐABÆNUM. HÚN ÁKVAÐ AÐ SAM-EINA TÆKNIAHUGA HEIMILISFOLKS VIÐ NOTALEGHEIT ARINELDS.

„Ég valdi arinn því hann er skemmtileg hugmynd og öðruvísi að sýna en þetta hefðbundna baðherbergja- og eldhúsinnlit,“ segir Kristín Guðmundsdóttir innanhúsarkitekt aðspurð um skemmtilegt verk eftir sig.

Breytingin á arinum var hluti af allsherjar yfirferð sem Kristín gerði á húsi í Garðabænum. Frá arinum geistar ekki einungis hlýju heldur einnig ýmiss konar myndum. „Arinninn var í mjög gamaldags útfærslu fyrir en ég vildi gera heimilið dálítið nútímalegra. Fjölskylduáðirinn er tölvutækjarkar og síðan eru tveir unglingsstrákar á heimilinu sem þæla mikið í græjum. Það kom aldrei annað til greina en að hafa eitthvað geðveikt sjónvarp og það endaði á því að arinninn varð líka að skjávarpa.“ Uppbygging og litir eru mjög stílhreindir. Arinninn er málaður með hvítri, mattri málningu svo að skjámyndin komi vel út. Síðan liggur svört granítplata þvert yfir neðri hluta hans en efri hlutinn samanstendur af gifsplötum á stálgrind og þaðan kemur lýsing bæði til hliðanna og undir.

„Þetta er mjög skemmtileg samsetning, fólk getur notið hlýjunnar frá arinum um leið og það horfir á risastórt sjónvarp,“ segir Kristín sem hefur í mörgu að snúast en fyrir utan að hanna heimili sér hún um fyrirtæki, imynd þeirra og útlit. Hægt er að sjá verk Kristínar á heimasíðunni www.innark.is.



Teikning af hönnuninni.



Arinninn var gamaldags fyrir breytingar.



Yfir neðri hluta arinsins liggur granítplata.



Nýi arinninn er einnig skjávarpi.



Viltu ekki búa í flottasta hverfi landsins? – Sjáländi í Garðabæ

Glæsilegar 3ja og 4ra herb íbúðir við strandveg 4-8 og Strandveg 21 og 23 í Garðabæ. Strandvegur 21 stendur næst sjávarsíðunni íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfena nema á baði og þvottahúsi þar verða flísar. Fyrsta flokks innréttingar og tæki stæði í bílskýli fylgir íbúðum. Íbúðirnar er til afhendingar í nóv 2005 og febrúar, mars apríl 2006 Teikningar og myndir á skrifstofu okkar og heimasíðu www.fasteignasala.is

BIFRÖST

F A S T E I G N A S A L A



Pálmi B. Almarsson
Lögilltur fasteignasali
Sími 896 3344



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Viðskiptafræðingur
Sölufulltrúi
Sími 698 0585



Halldór Jenson
Sölufulltrúi
Sími 840 2100



Friður Magnúsdóttir
Ritari



Linda B. Stefánsdóttir
Viðskiptafræðingur
Sölu- og markaðsstjóri
Sími 669 7900



Sogavegur einbýli

Glæsilegt 4ra herb 196,7 fm einbýlishús með aukaíbúð í kjallara við Sogaveg. Húsið hefur allt verið tekið í gegn og ekkert til sparað Hvítur opal steinn á gólfum, sesalteppi á stiga og parekt á herbergjum. Á aðalhæðinni er útgengt út á stóran og skjólgóðan pall með heitum potti.

Nánari uppl veitir Linda í síma 669 7900



Bjarnhólastígur Mjög gott 172 fm einbýlishús á þessum eftirsóttasta stað í Kópavogi ásamt 32 fm bílskúr. Fjögur svefnherbergjum nýtt baðherbergi. Húsið er vel innréttað og glæsilegur garður er við það. Verð 45,5 millja



Hofgarðar - Seltjarnarnesi Mjög skemmtilegt og vel staðsett 226 fm einbýlishús ásamt 15 fm sólskála á þessum eftirsóttasta stað á Seltjarnarnesi. Skjólgóður garður við húsið og fallegt útsýni. Óskað er eftir tilboði.



Sogavegur einbýli Glæsilegt 4ra herb 196,7 fm einbýlishús með aukaíbúð í kjallara við Sogaveg. Húsið hefur allt verið tekið í gegn og ekkert til sparað Hvítur opal steinn á gólfum, sesalteppi á stiga og parekt á herbergjum. Á aðalhæðinni er útgengt út á stóran og skjólgóðan pall með heitum potti. Nánari uppl veitir Linda sími 669 7900



Njörvasund Virkilega falleg 3ja herb 105 fm íbúð á fyrstu hæð með séringngangi. Hvítar innréttingar og hurðir. Merbu parket á gólfum. Skápar í herb. Baðherbergi flísalagt, sturta og baðkar. íbúðinni fylgir bílskúrsréttur og samþykktar teikn verð 25,6 millj nánari uppl veitir Linda sími 669 7900



Fjallalind Kóp Mjög glæsilegt 6 herb 202,2 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fallegar ljósar innréttingar, rúmgóð stofa með fallegu útsýni og útgengi á svalir. Flísar og parket á gólfum. Munstureyppa í bílplani og á verönd með hitalögn. Mjög stór og skjólgóður pallur. Verð 49,9 millj. Nánari uppl. veitir Halldór sími 840 2100



Ásgarður Mjög gott 4-5 herb raðhús á þremur hæðum við Ásgarð. Húsið býður upp á mikla möguleika þar sem búið er að grafa út rými í kjallara. Garður með fallegum sólpalli. Fallegt útsýni. Verð 23,9 millj. Nánari uppl veitir Elsa sími 698 0585



Skipholt- jarðhæð Góð 3ja herb 82,5 fm jarðhæð (að hluta til niðurgráfin) á vinsælum stað í Reykjavík, með sér inngangi og fallegum garði. Hellulögð sólverönd og skjólgirðing í garði er séreign íbúðarinnar. Verð 18,1 millj. Nánari uppl veitir Elsa sími 698 0585



Brekugata Vogar Góð 102,2 fm neðri hæð í tvíbýlishúsi með sér inngangi. Ljósar innréttingar, parket og flísar á gólfum, möguleiki á að byggja bílskúr á lóðinni. Húsið klætt steni klæðningu. Verð 11,7 millj. Ath erum líka með til sölu efrihæðina í húsinu. Nánari uppl veitir Halldór sími 840 2100



Bárugata- kjallari Mjög góð 2ja herb 63 fm. íbúð í kjallara að Bárugötu í Reykjavík. Eldhús með dúk á gólfi og hvítmáluðum innréttingum, upprunalegum að hluta, flísar á milli skápa. Pergo-parket á gangi, stofu og svefnherbergi. Þvottahús inn í íbúð. Eign á vinsælum stað í 101 Reykjavík. Verð 13,9 millj. Nánari uppl veitir Elsa sími 698 0585



Sumarhús-Paradís í Grímsnesi 49,9 fm sumarhús í landi Þórisstaða byggður 1984. 1 ha. stórt eignarland, mikill og fallegur gróður. Góð staðsetning. Hellulagt kringum allan bústaðinn. Fallegur ca. 25 fm. sólpallur. Allt innbú getur fylgt með eigninni ef óskað er. Verð 11,5 millj. Nánari upplýsingar veitir Elsa sími 698 0585



- Fjölskylduvænar 3-5 herbergja íbúðir í hinu nýja Norðlingaholti
- Í Norðlingaholti verður m.a. nýr grunnskóli, leikskóli og verslunarmiðstöð.
- Örstutt er í frábær útivistarsvæði eins og Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðavatn.
- Lyftuhús með bílastæði í bílgeymslu fyrir flestar íbúðir.
- Allar innréttingar og tæki af vandaðri gerð frá HTH og AEG.
- Sér inngangur í allar íbúðir.
- Sér timburverönd fylgir öllum íbúðum á jarðhæð.
- Mjög rúmgóðar og skjólsælar útsýnissvalir á efstu hæð
- Afhending í júlí 2006.
- **Sjá nánar á www.tgverk.is**



Einkasöluaðilar:

BORGIR
FÁSTÆÐI EIGNA SÁLA

Ármúla 1 Sími 588 2030 - fax 588 2033
Ægir Breiðfjörð, lögg. fasteignasali
www.borgir.is - borgir@borgir.is

**EIGNA
MIDLUN**

Síðumúla 21 Sími 588 9090 - Fax 588 9095
Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali
www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is



www.tgverk.is

- Björn Ólafs arkitekt í París hefur hannað glæsilegt íbúðarhúsnæði með áherslu á bjartar íbúðir.
- Stórir glerfletir í útsýnisáttir.
- Allar íbúðir með stofu og svölum með glerlokunum í suður til að auka notagildi og útsýnisþáttinn.
- Náttúruperlur eins og Heiðmörk, Elliða- og Vífilstaðavatn í göngufæri.
- Sannkölluð lúxus þakíbúð á 14. hæð.
- Afhending í júní 2006.

Einkasöluaðilar:

BORGIR

Ármúla 1 Sími 588 2030 - fax 588 2033
Ægir Breiðfjörð, lögg. fasteignasali
www.borgir.is - borgir@borgir.is

**EIGNA
MIDLUN**

Síðumúla 21 Sími 588 9090 - Fax 588 9095
Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali
www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is

LYNGVIK

FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is



Sigrún Gissurardóttir,
lög. fasteignasali



Steinar S. Jónsson,
sími 898 5254



Daniel Björnsson,
sími 897 2593



Þorsteinn Austrir,
sími 820 3466

OPÍÐ

mánud. - fimmtud. frá kl. 9-18

föstud. frá kl. 9-16. Svo er GSM-inn alltaf opin



LANDIÐ



KLAPPARSTÍG - MEÐ BÍLSKÚR - REYKJANESBÆ Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum 118 fm og sérstæðum bílskúr 30 fm alls 148 fm í hjarta bæjarins. Á neðri hæðinni er gesta wc. borðstofa, stofa, eldhús, þvottahús og geymsla. Á efri hæðinni er tvö svefnherbergi annað með suður svölum, baðherbergi með sturtuklefa og hol/alrými. Bílskúrin er útbúin að hluta sem herbergi og geymsla. **SKIPTI Á GÓÐRI EIGN Í REYKJAVÍK EÐA KÓPAVOGI. V: 25,5 m (2436)**

EINB - RAÐ- OG PARHÚS



HRAUNBRÚN - HAFNARFIRÐI - LAUST Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara með sérinnangang. Á hæðinni eru 4. svefnherbergi stofa, sjónvarpsherbergi, eldhús, salerni. Góður bílskúr. Garðurinn er gróin og vel hirtur með góðum palli. Þetta er eign sem vert er að skoða. **V. 46,5 m**



LITLABÆJARVÖR - ÁLF- NESI NÝTT 208 FM EINBÝLISHÚS MEÐ TVÖFÖLDUM BÍLSKÚR. HÚSIÐ STENDUR Á SJÁVARLÖB. Gert er ráð fyrir 4. svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, stofu, borðstofu og studioeldhúsi. Verðnd út frá stofu. Húsið verður afhent tilbúið til innréttinga. **Verð 43,0 m.**



LANGAFIT - GARÐABÆ

198 fm parhús á tveimur hæðum, ásamt 34 fm bílskúr. Stórar stofur, fjögur svefnherbergi og sólstofa. Húsið er steinað og klætt að utan með liggjandi álklaðningu. **Verð 38,3 m**

HÆDIR



HJALLABREKKA MEÐ SÉR- INNGANG. Glæsileg 116 fm hæð með sérinnangang frá Lyngbrekku og góðri suður verönd. Stórt svefnherbergi með skápum, tvö góð barnherbergi. Tvær samliggjandi stofur. Gott eldhús með borðkrók. Flísalagt baðherbergi með innréttingu og baðkari. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 21,9 m.**

4RA HERB



HOFTEIGUR - SÉRINNG.

Rúmgóð og vel staðsetta 137 fm 4-5 herbergja íbúð í kjallara með sér innangangi. Stór og góð herbergi. **V. 24,9 m**



NÝBYLAVEGUR - 3-4 HER- BERGJA M/BÍLSKÚR. Um er að ræða 83,3 fm 3-4 ra herbergja íbúð í góðu fimm íbúða húsi, íbúðinni fylgir 32,5 fm bílskúr. **V. 22,6 m.**

3JA HERB.



HVERAFOLD - MIKIÐ ÚTSÝNI Góð ca 99 fm íbúð á þessum eftirsóta stað í Grafarvoginum, Björt stofa með yfirbyggðum svölum og útsýni. Svefnherbergi eru með parketi á gólf og skápum. Eldhús er flísalagt með góðri innréttingu og borðkrók. Baðherbergi með flísum á gólf og veggjum. baðkari, innréttingu og glugga. Þetta er góð eign í velviðhaldnu húsi. **Verð. 19,9 m**



KRIUHÓLAR MEÐ BÍLSKÚR.

Góð 3ja herbergja 80 fm íbúð á 5. hæð með 25 fm bílskúr alls ca 105 fm. Tvö herbergi með skápum. Björt stofa með parketi og vestur svölum. Eldhús með upprunalegri innréttingu. Þvottavél og ísskápur getur fylgt. **Verð 16,4 m.**



HRAUNBÆR - 3JA HERB.

Vorum að fá í sölu vel skipulagða 88 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í fimm íbúða stigagangi. Íbúðinni fylgir hlutdeild í íbúðarherbergi sem er í útleigu. Möguleiki á stuttum afhendingartíma. **V. 15,7 m.**

ÁLFKONUHVARF

Vorum að fá í sölu 5 stk 3ja herbergja íbúðir með og án stæðis í bílageymslu. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna nema baðherbergi verður með flísalagt gólf og veggj upp í ca 2,10 m. hæð. Þvottahús verður með flísalögðu gólf. Húsið verður fullbúið að utan, lóð frá-gengin og bílastæði malbikuð. Stærð íbúða er 104,5 til 107,2 fm. Verð frá 23,8 m til 24,9 M. Íbúðirnar verða til afhendingar í mars 2006. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvik fasteignasölu sími. 588-9490



LANGAMÝRI - GARÐABÆ

Um er að ræða mjög fallgt og vel staðsett 214,5 fm einbýlishús á einni hæð, með innbyggðum 37 fm bílskúr. Í húsinu eru tvær stofur, þrjú svefnherbergi, baðherbergi með nuddbaðkari og sturtuklefa, gesta snyrting, eldhús og þvottaherbergi. Húsið er innst í botnlanga, mjög stutt í skóla og aðra þjónustu. **V. 49,5 m.**



BRÆDRABORGARSTÍGUR

Falleg ný uppgerð 119 fm þriggja herbergja íbúð á tveimur hæðum í virðulegu steinhúsi við Bræðraborgarstíg. Nánast allt nýtt í íbúðinni sem verður til afhendingar í desember n.k.. **V. 29,9 m.**



MIÐTÚN - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR.

Einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara. Í kjallaranum er góð 2ja herbergja íbúð með sérinnangang. Húsið hefur verið tekið í gegn og endurnýjað svo sem baðherbergi, gólfefni raflagnir, vatnslagnir og frárennislagnir auk annars. Húsið er laust við kaupsamning. **Verð 29,9 m.**



HAGAMELUR - 2JA HERBERGJA

FÓTBOLTI Í nýrri ævisögu hollenska framherjans Jimmys Floyd Hasselbaink kemur fram að Chelsea brjóti reglur enska knattspyrnusambandsins. Hasselbaink segir í bók sinni að Chelsea hafi greitt leikmönnum liðsins 100 þúsund pund í bónus fyrir að komast í undanúrslit Meistaradeildarinnar leiktíðina 2003-04 en samkvæmt samningum leikmanna áttu þeir aðeins að fá 50 þúsund pund. Reglurnar kveða á um að bannað sé að breyta bónusum þegar leiktímabil er hafið. Chelsea neitar allri sök í málinu.

„Engar ólöglegar greiðslur hafa runnið í vasa leikmanna,“ sagði í yfirlýsingu frá Chelsea. „Það er ekkert að rannsaka.“ Hasselbaink lék með Chelsea í fjögur ár en fór



JIMMY FLOYD HASSELBAINK Segir ekki allt með felldu hjá Chelsea.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

til Middlesbrough í júlí árið 2004. - hbg

Varnarsigur hjá Haukum

Haukar og Keflavík hafa bæði sex stig í Iceland Express deild kvenna í körfuknattleik eftir að Haukastúlkur lögðu Keflavík 66-48 í gær.

KÖRFUBOLTI Það var sannkallur stórleikur í kvennakörfuboltanum í gær þegar Keflavík heimsótti Hauka og var leikurinn fjögur og skemmtilegur. Haukar höfðu forystuna nær allan tímann en gestirnir voru ekki langt undan. Það var ekki fyrir en í síðasta leikhlutanum sem nokkuð afgerandi munur var milli liðanna.

„Ég er mjög ánægður með úrslitin en ég tel að við getum spilað mun betur en við gerðum í þessum leik. Það er nokkur þreyta í liðinu enda er það nýkomið heim frá Frakklandi. Kaninn hjá okkur hefur átt við veikindi að stríða og hefur enn ekki jafnað sig að fullu og þá var Jelena Jovanovic að spila sinn fyrsta leik á Íslandsmótinu, hún þekkir liðið ekki mjög vel. Það tekur sinn tíma fyrir hana að komast inn í þetta,“ sagði Ágúst S. Björgvinsson, þjálfari Hauka, í leiklok. Helena Sverrisdóttir var stíghæst í Haukaliðinu með 22 stig, þar af skoraði hún tíu í fyrsta leikhluta. Kesha Tardy kom næst hjá Haukum með þrettán stig en Reshea Bristol skoraði fjórtán stig fyrir Keflavík og var stíghæst í liðinu.

„Varnarleikurinn var nokkuð góður, við náðum að halda Keflavík undir fimmtíu stigum sem er mjög gott. Það er hinsvegar margt sem þarf að laga í okkar leik. Til dæmis í sókninni erum við ekki að lesa mistök í vörn andstæðinganna og við þurfum að geta spilað boltanum betur innan okkar liðs. Þessi sigur gefur okkur væntanlega mikið sjálfstraust,“ sagði Ágúst. Anna María Sveinsdóttir hjá Keflavík sagði eftir leik að liðið hefði ekki átt skilið að fá neitt út úr þessum leik. „Við spiludum ekki vel. Sóknarleikurinn var ekki að



HELENA HEIT Hin frábæra körfuknattleikskona, Helena Sverrisdóttir, átti mjög góðan leik með Haukum gegn Keflavík í gær. Hún skoraði hér tvö af fjórtán stigum sínum í leiknum án þess að Reshea Bristol komi nokkrum vörnum við.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ganga og við hittum illa, spiluðum ágætisvörn á köflum en á meðan skotin eru ekki að detta þá vinnum við ekki leik. Við létum ýmsa hluti fara of mikið í taugarnar á okkur,

mikið af dómum að falla þeim í hag og það fór í skapið á okkur sem á ekki að gerast,“ sagði Anna María.

elvar@frettabladid.is

MasterCard

Guðni Bergs og Heimir Karls hita upp fyrir alla leikina kl. 19

ÞRIÐJUDAG KL. 19:30
PSV - AC Milan
Real Betis - Chelsea*

MIÐVIKUDAG KL. 19:30
Lille - Man. Utd.
Juventus - B. München*

*Sýn Extra

MEISTARADEILD
EVROPU

dafone

SÝN
- besta sætið



ANDY COLE Kannski næsti landsliðsþjálfari Ghana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Framherjinn Andy Cole hugsanlega á leið í þjálfun:

Boðið að þjálfra Ghana

FÓTBOLTI Einhver óvæntustu tíðindin í knattspyrnuheiminum til marga ára eru tvímælalaust þau að landslið Ghana vill fá Andy Cole til þess að stýra liðinu á HM. Cole á fund með fulltrúum frá knattspyrnusambandi Ghana 9. nóvember næstkomandi.

„Ég er mjög spenntur að heyra hvað þeir hafa að segja,“ sagði Cole sem enn er í fullu fjöri og hefur verið að skora grimmt fyrir Man. City í vetur.

„Við viljum veita leikmönnum okkar þann besta aðbúnað sem hægt er fyrir HM og við teljum að

fá Cole sem þjálfara sé framfaraskref fyrir Ghana,“ sagði Dennis Tawian, talsmaður knattspyrnusambandsins í Ghana, en stærsta stjarna liðsins er tvímælalaust Michael Essien, leikmaður Chelsea. „Cole er vel þekktur í Ghana enda sjáum við mikið af enska boltanum í heimalandinu.“

Cole hefur aldrei leikið sjálfur á HM og því ætti þetta að vera kjörið tækifæri fyrir hann. Svo hefur þorp í Ghana lofað Cole því að gera hann að höfðingja komi hann liðinu í gegnum riðlakeppnina á HM.

- hbg

Ástæða þess að Burley hætti: Konunni að kenna

FÓTBOLTI Það kom mörgum á óvart þegar George Burley sagði upp störfum hjá skoska úrvalsdeildarliðinu Hearts. Nú hefur eiginkona hans, Jill, opnað sig og segist eiga sökina á því að Burley sé ekki að þjálfra Hearts í dag. Hún lenti upp á kant við hinn rússneska Vladimir Romanov sem á stærstan hluta í liðinu.

„George fór í kvöldverðarboð hjá Romanov flesta laugardaga. Vikuna áður en hann var rekinn tók hann mig með líka. Þegar við komum var Romanov búinn að borða, honum líkaði ekkert við mig. Mér fannst Romanov mjög dónalegur og leiðinlegur,“ sagði Jill.

Þá opinberaði hún það einnig að eiginmaður sinn hefði engin formleg tilboð fengið um knattspyrnustjórnastöðu síðan hann lét af störfum hjá Hearts. Hearts tapaði fyrsta leik sínum á tímabilinu um helgina, 2-0, fyrir erki-óvinum sínum í Hibernian.

- egm

HVAD? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

28 29 30 31 1 2 3

Mánudagur

LEIKIR

20.00 ÍR og ÍS mætast í
Höppílabíkar kvenna í körfubolta.

SJÓNVARP

15.10 Ensku mörkin á Rúv.

18.30 NFL á Sýn.

20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.

21.00 Ensku mörkin á Sýn.

21.30 Spænsku mörkin á Sýn.

22.00 Olíssport á Sýn.

23.50 Ensku mörkin á Rúv.

Hryllingur í Noregi:

Fyrirliði Fredrikstad lamaðist

FÓTBOLTI Eitt óhugnanlegasta atvik síðari tíma í norska fótboltanum átti sér stað í leik Start og Fredrikstad á laugardag. Þá lenti fyrirliði Fredrikstad, Dagfinn Enerly, í samstuði við félag sinn með þeim afleiðingum að hann hálsbrotnaði. Enerly er lamaður frá hálsi og niður úr.

Atvikið setti sitt mark á leikinn sem var aðalleikur helgarinnar enda var Start í lykilstöðu til að tryggja sér norska meistaratitlinn og það á heimavelli.

Fredrikstad vann aftur á móti, 3-1, og bjargaði sér þar með frá falli úr úrvalsdeildinni en það er ljóst að liðið leikur tæplega annað tímabil í deild þeirra bestu með fyrirliðanum sínum.

Haukar stöðvuðu sigurgöngu Stjörnunnar

Stjarnan tapaði sínum fyrsta leik í DHL-deild kvenna í handbolta í gær. Haukastúlkur unnu sex marka sigur að Ásvöllum.

HANDBOLTI „Við komum aldrei tilbúin í þennan leik og sigur Hauka var fyllilega sanngjarn“, sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir að liðið tapaði fyrir Haukum í gær. Haukastúlkur voru yfir nær allan leikinn, þær komu ákveðnari til leiks og unnu á endanum öruggan 30-24 sigur eftir að hafa verið tveimur mörkum yfir í hálfleik. „Þær komu rétt stemmdar og litu á þennan leik sem nokkurn veginn úrslitaleik sem hann var. Hins vegar gerðum við það því miður ekki. Ef hausinn er ekki í lagi þá eru mistökkin endalaus og hlutirnir ganga ekki upp. Ég er ósáttur við að mínir leikmenn mæta í þennan leik án þess að hafa hausinn skrúfaðan á. Haukarnir gáfu okkur tækifæri til að koma til baka en því miður virtist vanta áhugann á því að gera það“, sagði Aðalsteinn sem var mjög ósáttur við frammistöðu síns liðs.

Í fyrri hálfleik var nokkurt jafnræði með liðunum og staðan var 11-11 en svo komust Íslandsmeistararnir yfir og létu forystuna aldrei af hendi. Ragnhildur Guðmundsdóttir var markahæsti í liði Hauka með sjö mörk en Hanna G. Stefánsdóttir skoraði sex. Jóna Margrét Ragnarsdóttir var besti leikmaður Stjörnunnar en hún skoraði níu mörk í leiknum.

„Við fengum á andlitíð í Vestmannaeyjum og náðum að bæta okkar leik í dag. Við sýndum núna okkar rétta andlit, Stjarnan er með



ÁGÆTUR LEIKUR HJÁ GUÐBJÖRGU Eyjastúlkan Guðbjörg Guðmundsdóttir átti ágætan leik gegn Stjörnuni í gær. Hún skorar hér eitt af þrem mörkum sínum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gott lið og það þarf að eiga góðan leik til að sigra það. Ég er mjög ánægður með að við kláruðum leikinn, vorum mun skynsamari í sóknarleiknum. Vonandi er þetta eitthvað sem er komið til að vera“, sagði Guðmundur Karlsson, þjálfari Haukastúlka.

Undir lok leiksins fékk Elísabet Gunnarsdóttir í liði Stjörnunnar rautt spjald en Harpa Melsted, fyrirliði Hauka, lá eftir á vellingum og nokkur skelfing greip um sig á vellingum. „Ég var bara í sókninni

og þá keyrir einhver á mig, ég lenti á höfðinu og dett út. Ég veit eiginlega ekki alveg hvað gerðist en þetta var óhugnanlegt“, sagði Harpa þegar hún var búin að jafna sig skömmu eftir leik. Í fyrri hálfleik fékk Martha Hermannsdóttir rautt spjald hjá Haukum fyrir sína þriðju brottvísun.

Eftir þessi úrslit hafa Haukar og Stjarnan sætaskipti í deildinni, Hafnarfjarðarliðið er komið upp í annað sætið og er stigi á eftir ÍBV þegar sex umferðum er lokið.



GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON Er að stimpla sig inn sem einn af betri handboltamönnum heims í dag.

Póllandsmótið í handbolta:

Guðjón markahæstur og bestur

HANDBOLTI Það er óhætt að segja að hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson hafi tekið fjögurra þjóða mótið í Póllandi í nefið því hann var bæði markahæsti leikmaður mótsins, með 25 mörk í þrem leikjum, og sá besti. Næstmarkahæsti leikmaður mótsins var Daninn Lars Christiansen með 19 mörk.

Guðjón Valur var þar að auki í úrvalsliði mótsins sem og Ólafur Stefánsson. Ólafur komst í liðið sem miðjumaður en hann hefur lengstum spilað sem skytta með landsliðinu.

- hbg

Stabæk vann stórsigur:

Veigar Páll með tvö mörk

FÓTBOLTI Íslenski landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson skoraði í gær tvö mörk fyrir norska liðið Stabæk í lokaumferð B-deildarinnar þar í landi.

Stabæk vann stórsigur á Pors Grenland 8-1 en liðið hafnaði í efsta sæti deildarinnar og mun því leika á ný í úrvalsdeildinni næsta leiktímabil.

- egm

BMW 1 línan

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure

BMW 1 línan er númer eitt í margs konar skilningi. Hún er fyrsta línan af mörgum frá BMW og um leið sú smæsta. Hún er fyrsta fimmdýra bifreiðin sem kemur frá BMW og jafnframt fyrsta úrvalsbifreiðin í sínum stærðarflokki. Í þeim flokki er hún enn fremur sú fyrsta sem er afturhjóladrífing með jafna 50:50 þyngdardreifingu og þá er hún fyrsta úrvalsbifreiðin í sínum verðflokki. Þar með er sagan þó ekki öll, því 1 línan er í fararbroddi á enn fleiri sviðum.

BMW 1 línan er fyrst bifreiða til að búast iPod nano frá Apple. Vertu fyrst/ur til að fá þér BMW 118iA nano.



iPod nano



BMW 118iA nano

118iA nano, kr. 2.990.000

2000 cc. 129 hð, metallic lakk, 16" álfelgur, BMW geislaspilari, sjálfskipting, Runflat öryggisdekk, 8 loftpúðar, DSC stöðugleikastýring, DTC spyrnustýring, ABS afhemlar með CBC og DBC, leðurklætt sportstýri, armpúði milli sæta, aksturstölv, starthnappur, samlitur, BMW mottur, iPod tengi, iPod nano mp3 spilari frá Apple.

B & L

Grjóthálsi 1

sími 575 1200

www.bl.is



Með bílinn handa þér

Fótboltavefurinn
GRAS.IS

100% BEINNI

SMS LEIKUR

I BOÐI GRAS.IS MANCHESTER UNITED - CHELSEA

GRAS.IS BYÐUR ÞÉR OG VINI ÞÍNUM TIL AÐ SJÁ MANCHESTER ÚTD. - CHELSEA 6.NÓV. Á OLD TRAFFORD

SENDU SMS SKEYTIÐ JA CMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.

VIÐ SENDUM ÞÉR 2 SPURNINGAR. ÞÚ SVARAR MEÐ ÞVI AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ JA A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.

I BOÐI ER:

- » FERÐ FYRIR 2 A MANCHESTER ÚTD. - CHELSEA*
- » PLAYSTATION TÖLVUR
- » PRO EVOLUTION SOCCER
- » FOOTBALL MANAGER 2006
- » LÍÐSATIMAR FRÁ LINDARSÖL
- » FULLT AF TÖLVULEIKJUM
- » KIPPUR AF COCA COLA OG MARGT FLEIRA.

Færðu á leikinn eða spilaðu hann!

D3

*FERÐIN Á LEIKINN ER DREGINN ÚR ÖLLUM INNSENDUM SMS SKEYTUM OG NAFN VINNINGSHÁFA VERÐUR BIRT Á WWW.GRAS.IS 2.NÓV 2005. VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND, KÖPAVOGI, MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ



Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

Haukar og Höttur enn án sigurs í úrvalsdeildinni

Heil umferð fór fram í Iceland Express deild karla í gær og eftir leiki gærkvöldsins eru aðeins tvö lið án sigurs í deildinni, Haukar og Höttur.

KÖRFUBOLTI Snæfell vann sinn fyrsta sigur í vetur þegar nýliðar Hattar komu í heimsókn. Sigurinn var samt ekki auðfenginn og Snæfell vann leikinn aðeins með fimm stigum. Keflavík vann fínna sigur á KR og Fjölnir gerði fína ferð á Selfoss. Grindavík tapaði síðan sínum fyrsta leik þegar liðið heimsótti ÍR í Seljaskólann. Njarðvík er aftur á móti eitt á toppnum með fullt hús stiga. Það var síðan hart barist að Ásvöllum þar sem Skallagrímur heimsótti Hauka.

Leikurinn var ekki mikið fyrir augað en endirinn var spennandi og það bætti gæðin upp. Leikar fóru þó þannig að Skallagrímur sigraði naumlega, 87-90, eftir að hafa leitt allan leikinn með mikið forskot.

Í byrjun leiks var aðeins eitt lið tilbúið til þess að hirða stigin tvö sem í boði voru, Skallagrímur. Haukar voru sofandi allan fyrri hálfleikinn og hittu afskaplega illa úr mörgum mjög fínnum færum. Á meðan voru Skallagrímismenn vel með á nótunum og juku muninn jafnt og þétt allan fyrri hálfleikinn. Reyndar þurftu þeir engan stórleik því fyrirstaðan var nánast engin. Staðan í hálfleik var 31-48 Skallagrímur í vil og voru þeir vel að því komnir.

Seinni hálfleikur var keimlíkur þeim fyrri, Skallagrímur hélt sínu forskoti og Haukar sýndu lítinn sem engan vilja til þess að reyna að minnka forskot gestanna. Munurinn var ávallt 18-22 stig og sigurinn virtist í höfn. En þá kom góður kafli Hauka þar sem liðið byrjaði að berjast af krafti og náðu Haukar að minnka muninn í 3 stig, 82-85, þegar tæp mínúta var til leiksloka og mikil spennan komin í leikinn. En lengra



BARÁTTA Það var ekkert gefið eftir að Ásvöllum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

komust Haukar ekki og Skallagrímur sigraði 87-90.

Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, var sáttur við stigin tvö. „Við spiluðum virkilega vel lungann úr leiknum og leiddum með 20 stigum í fjórða leikhluta en þá greip um sig fátíðlegt

kæruleysi sem ég vil ekki sjá. Liðið er nýtt, við erum að kynna þessum öðrum og getum vel spilað feikilega vel. En við verðum að vinna í þessum slæma kafla, hann á einfaldlega ekki að sjást,“ sagði Valur Ingimundarson að lokum.

- hþ

Auglýsing um álagningu opinberra gjalda lögaðila á árinu 2005

Álagningu opinberra gjalda á árinu 2005 er lokið á alla lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003 sem og þeirra sem lagt er á í samræmi við VIII. - XIV. kafla tilvitnaðra laga. Jafnframt er lokið álagningu á lögaðila, sem skattskyldir eru af fjármagnstekjum samkvæmt ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna.

Álagningarskrár með gjöldum lögaðila verða lagðar fram í öllum skattumdæmum í dag mánudaginn 31. október 2005. Skrárnar liggja frammi til sýnis á skattstofu hvers skattumdæmis og hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 31. október til 14. nóvember n.k. að báðum dögum meðtöldum.

Skattseðlar, er sýna álögð opinber gjöld lögaðila hafa verið póstlagðir.

Kæpur vegna allra álagðra opinberra gjalda 2005 samkvæmt ofangreindu skulu hafa borist skattstjóra eigi síðar en miðvikudaginn 30. nóvember 2005.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

31. OKTÓBER 2005

Skattstjórinn í Reykjavík, Gestur Steinþórsson.
Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi, Stefán Skjaldarson.
Skattstjórinn í Vestfjarðumdæmi, Guðrún Björg Bragadóttir.
Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra, Bogi Sigurbjörnsson.
Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra, Gunnar Karlsson.
Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi, Karl Lauritzson.
Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi, Hreinn Sveinsson.
Skattstjórinn í Vestmannaeyjum, Ingi Tómas Björnsson.
Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi, Sigmundur Stefánsson.



OWEN AÐ HITNA Michael Owen átti frábæran síðari hálfleik gegn WBA í gær og skoraði tvö mjög falleg mörk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu:

Owen afgreiddi West Bromwich

FÓTBOLTI Michael Owen sá til þess að Newcastle fékk öll þrjú stig in gegn WBA í gær. Eftir dapran fyrri hálfleik rifu Owen og félagar sig upp og unnu leikinn, 3-0. Owen skoraði tvö mörk Newcastle en Alan Shearer skoraði þriðja markið.

„Ég var alveg skelfilegur í fyrri hálfleik og allar mínar snertingar furðulegar. Hlutirnir fóru síðan að ganga betur í síðari hálfleik,“ sagði Owen eftir leikinn en síðast þegar hann lék á þessum velli skoraði hann fjögur mörk fyrir Liverpool í 6-0 sigri. „Það eru alltaf ákveðnir vellir þar sem

maður nýtur sín sérstaklega vel og þetta er klárlega einn af þeim völlum.“

Alan Shearer kom af bekknum og skoraði. Hann jataði eftir leikinn að hafa rifist við Souness, stjóra Newcastle, eftir að hafa komist að því að hann ætti að vera á bekknum.

„Ég sagði við hann: Ertu að grínast? Ég skoraði á miðvikudaginn og maður er alltaf líklegur til að skora í nokkrum leikjum í röð þegar maður hrekkur í girinn. Ég hefði skoraði fleiri mörk hefði ég byrjað inni á,“ sagði Shearer.

- hþ

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

HAUKAR-STJARNAN 30-24
Mörk Hauka: Ragnhildur Guðmundsdóttir 7, Hanna G. Stefánsdóttir 6, Inga Friða Tryggvadóttir 4, Erna Þráinsdóttir 4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Harpa Melsted 3, Ramune Pekarskyte 3, Martha Hermannsdóttir 1.

Varin skot: Helga Torfadóttir 9, Kristína Matuzeviciute 5.

Mörk Stjörnnar: Jóna Margrét Ragnarsdóttir 9, Raket Dögg Bragadóttir 5, Elísabet Kowal 3, Sólveig Lára Kjærnested 2, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Hind Hannesdóttir 1, Kristín Clausen 1.

Varin skot: Jelena Jovanic 12.
ÍBV-KA/ÞÓR 27-21

Ekki fengust upplýsingar um markaskorara í leiknum.

Iceland Express-deild kvk:

HAUKAR-KEFLAVÍK 66-48
Stig Hauka: Helena Sverrisdóttir 22 (16 fráköst, 8 stoðs.), Keshá Tardy 13 (13 fráköst), Jelena Jovanovic 11, Krístrún Sigurjónsdóttir 11, Pálina Gunnlaugsdóttir 4, Ragnheiður Theodórsdóttir 3, Hanna Hálfánardóttir 1, Ösp Jóhannsdóttir 1.

Stig Keflavíkur: Reshea Bristol 14 (14 fráköst), María Erlingsdóttir 8, Anna María Sveinsdóttir 7, Birna Valgarðsdóttir 5, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Margrét Sturludóttir 4, Rannveig Randversdóttir 3, Svava Stefánsdóttir 3.

Iceland Express-deild karla:

HAUKAR-SKALLAGRÍMUR 87-90
Stig Hauka: DeeAndre Hulett 29, Kristinn Jónason 19, Sævar Haraldsson 18, Morten Szmedowicz 6, Gunnar Sandholt 4, Kjartan Kjartansson 3, Marel Guðlaugsson 3, Þórður Gunnþórsson 3, Sigurður Einarsson 2.

Stig Skallagrims: Christopher Manker 27, Jovan Zdravovski 17, Dimitar Jaradzovski 17, Pétur Sigurðsson 10, Áskell Jónsson 6, Hafþór Gunnarsson 6, Axel Káráson 4, Adolf Hannesson 3.

ÞÓR-NJARÐVÍK 69-111

Sem fyrr var ekki hægt að fá upplýsingar um stigahestu menn á Akureyri.

HAMAR/SELFOSS-FJÖLNIR 93-110

Stig Hamars: Clifton Cook 31, Svavar Pálsson 18, Atli Gunnarsson 17, Hallgrímur Brynjólfsson 7.

Stig Fjölnis: Nemanja Sovic 41, Marvín Valdímarsón 16, Hörður Vilhjálmsson 11, Lárus Jónsson 8.
SNÆFELL-HÖTTUR 88-83

Stig Snæfells: Jón Ó. Jónsson 23, Igor Beljanski 21, Magni Hafsteinsson 20, Slobodan Subasic 10, Lýður Vignisson 6, Helgi Guðmundsson 5, Sveinn Davíðsson 3.

Stig Hattar: Eugene Christopher 32, Viðar Hafsteinsson 29, Loftur Einarsson 9, Björgvin Gunnarsson 6, Peter Gecelovsky 4, Eiríkur Jónsson 3.

KEFLAVÍK-KR 74-71

Stig Keflavíkur: A.J. Moye 33, Magnús Þór Gunnarsson 22.

Stig KR: Ashley Champion 25, Niels Dungal 11.
ÍR-GRINDAVÍK 85-84

Enska úrvalsdeildin:

WBA-NEWCASTLE 3-0
Michael Owen 2, Alan Shearer.

Ítalska úrvalsdeildin:

ROMA-ASCOLI 2-1
Panucci, Mexes - Domizzi.
CHIEVO-EMPOLI 2-2
FIorentina-CAGLIARI 2-1
LECCE-MESSINA 0-2
LIVORNO-PARMA 2-0
REGGina-LAZIO 1-0
TREVIso-SIENA 0-1
UDINESE-PALERMO 0-0

Spænska úrvalsdeildin:

ALAVES-CADIZ 0-0
DEPORTIVO-GETAFE 1-0
MALLORCA-SEVILLA 1-1
OSASUNA-ESPANYOL 2-0
VALENCIA-RACING SANTANDER 1-1
REAL ZARAGOZA-MALAGA 1-1
BARCELONA-REAL SOCIEDAD 5-0

Bommel, Ronaldinho 2, Puyol, Larsson.



COLIN MONTGOMERIE Bestur í Evrópu.

Evrópska mótaröðin:

Montgomerie meistari

GOLF Skotinn Colin Montgomerie tryggði sér í gær sigur á Evrópsku mótaröðinni í golfi í áttunda skipiti. Michael Campbell átti möguleika á að ná Monty ef hann yrði með fimm efstu mönnum á Volvo Masters-mótinu en það tókst Campbell ekki.

„Ég get ekki borið þennan titil saman við hina sjö. Það var ætlast til þess að ég ynni marga af þeim en það bjóst enginn við þessu núna. Þess vegna er þessi titill mjög sérstakur,“ sagði Montgomerie.

- hbg

Arsenal er í viðræðum við spænska félagið Villareal um þekktan framherja:

Diego Forlan aftur í enska boltann?

FÓTBOLTI „Ég veit af því að félög eru að fylgjast með mér og Arsenal er eitt af þeim,“ sagði úrúgvæski sóknarmaðurinn Diego Forlan sem er óvænt kominn á óskalista enska úrvalsdeildarliðsins Arsenal. Þessi 26 ára leikmaður var í herþúðum Manchester United en náði sér aldrei á strík hjá félaginu. Hann hefur þó aldrei farið leynt með það að hann er til í að snúa aftur í ensku úrvalsdeildina einn daginn og gera aðra tilraun til að slá í gegn í deildinni.

Eftir að Forlan yfirlaust Manchester United hélt hann til Villareal á Spáni þar sem hann var svo sannarlega á skotskónum og hlaut gullskó Evrópu eftir tímabilið. „Það eru einhverjar



þreifingar í gangi, ég veit það. Við þurfum bara að bíða og sjá hvað gerist. Mér líkar vel við ensku úrvalsdeildina og það væri gaman að spila þar aftur,“ sagði Forlan.

Talið er að fleiri lið hafi mikinn

áhuga á að fá Forlan í sínar raðir og fyrir nokkru var hann orðaður við spænsku risaliðin Real Madrid og Barcelona. Samkvæmt heimildum ensku blaðana hefur Arsenal þegar hafið viðræður við Villareal.

- egm

Eftirminnileg fagnaðarlæti:

Árni og Rekdal festust í lyftu

FÓTBOLTI Laugardagurinn var í meira lagi eftirminnilegur hjá landsliðsmarkverðinum Árna Gauti Arasyni. Hann varð meistari með Valerenga en gat ekki fagnað með félögum sínum fyrir utan ráðhúsið í Osló síðar um kvöldið þar sem hann sat fastur í lyftu inni í ráðhúsinu ásamt þjálfaranum Kjetil Rekdal og fleiri leikmönnum.

Það tók rúman hálf tíma að losa þá félagar úr prísundinni og þegar þeir voru loksins lausir var svo gott sem búið að hylla nýkrýndu meistarana.

Þeir félagar skemmtu sér engu að síður konunglega eftir að þeir losnuðu úr lyftunni.

LYSTADÚN
Marco

Ekki missa af þessu...

...Einstaka tilboði! Þegar keyptur er Ego rafmagnsbotn, fylgir gafli og rúmgrind í kaupbæti á meðan birgðir endast.

Öpið virka daga: 10-18 og laugard. 11-15
 Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000



GODSÓGNIN SNÝR AFTUR Í AVINTÝRALIGRI SPENNUMYND

Sýnd kl. 5, 8 og 10.45 Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára

FRÁ LEIKSTJÓRUM There Is Something About Mary

★★★★ SV MBL
"MEISTARASTYKKI" H.E. Málíð

Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn

Africa United

Sýnd kl. 4, 6 og 8

FRÁ FRAMLEIÐENDUM The Professional og La Femme Nikita

För þeint á toppinn í USA

★★★★ 1/2
Sýnt á mæla með MMJ - Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

Sýnd kl. 10 B.i. 14 ára

RED EYE

Sýnd kl. 3.50 með íslensku tali.

450 kr.

Dolby Digital SDDS IFC BÍÓ IS - allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000



★★★★ SV MBL
"MEISTARASTYKKI" H.E. Málíð

Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn

Africa United

Sýnd kl. 6

FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX

Hrikalega hráður háloftatryllur með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.

HISTORY OF VIOLENCE

Sýnd kl. 5, 20, 8 og 10.40 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

OKTÓBERBÍÓFEST
26. október - 14. nóvember

Fakiren fra Bilbao • Sýnd kl. 6
Danskt tal/ótextuð

Oh Happy Day • Sýnd kl. 8
Danskt tal/ótextuð

On a Clear Day • Sýnd kl. 6
Enskt tal/ótextuð

Rock School • Sýnd kl. 10
Enskt tal/ótextuð

Yes • Sýnd kl. 8
Enskt tal/ótextuð

Inkasso • Sýnd kl. 10
Danskt tal/ótextuð

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075



GODSÓGNIN SNÝR AFTUR Í AVINTÝRALIGRI SPENNUMYND

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:30



HÖKKU HASARMYND BYGGD Á EINDUM VINSÆLASTA TILVÖLSEIN ALLNA TÍMA

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 6 og 8



Sýnd kl. 8 B.i. 16 ára

Borgarbíó Legend of Zorro Kl. 5:30, 8 og 10:30 Africa United Kl. 6 Doom Kl. 8 og 10

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonuna Keira Knightly langar að verða tilnefnd til Óskarsverðlauna nú þegar hún hefur fengið afar góða dóma fyrir frammistöðu sína í myndinni *Pride and Prejudice*. „Ég get ekki neitað því að það væri afar indælt ef ég væri tilnefnd. En ég er nýbyrjuð í þessum bransa og það munu koma aðrir betur þekktar leikkonur í myndum sem hafa ekki enn verið frumsýndar og ég þarf að keppa við þær.“



Enska fótboltastjarnan David Beckham leitar nú að heimili við ströndina í Dorset, Suðvestur-Englandi en fasteignir á þessu svæði eru þær fimmtu dýrustu í heimi. Hjónin David og Victoria hafa verið að skoða um 335 milljóna króna hús á svæðinu og ef þau kaupa það myndu þau eignast nágretta eins og fótboltastjörnuna Jamie Redknapp.

Þita Von Teese, tilvonandi eiginkona rokkarans Marilyn



Manson, er að plana fagað og fallett brúðkaup sem hún segir að muni vera mjög ólíkt brúðkaupi þeirra Britney Spears og Kevin Federline en þau giftu sig í íþróttagöllum. Þótti Von Teese sá still alveg hryllilegur. „Hvað sem við gerum þá mun það allavega verða glæsilegra en



brúðkaupið hennar Britney. Að gifta sig í gömlum íþróttagöllum!“ sagði hún hneyksluð. „Okkar brúðkaup mun vera fyrirmynd að fallettum brúðkaupsklæðnaði. Vivienne Westwood ætlar að hanna kjólinn minn. Ég byrjaði að plana fötin okkar um leið og hann það mín í fyrri!“

Ófurstjarnan Madonna hlær að fréttum um að hún muni túlka persónuna Evitu á leiksviði



í London og segir að hún vilji ekki endurtaka sig. Söngkonan lék Evu Peron á móti Jonathan Pryce og Antonio Banderas í söngvamynd sem gerð var árið 1996. Leikritaskáldið Andrew Lloyd Webber er að setja upp leikritið í West End og Madonna segist ekki hafa minnstan áhuga á að vera með. „Ég vissi ekki einu sinni að þau væru að gera þetta.“

MasterCard MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST

Í KVÖLD BJÓÐUM VIÐ UPP Á TIM BURTON, SHAKESPEARE, JOAN ALLEN, PLÖTUSNÚÐA SKÓGARBIRNI, ROKKSKÓLA OG SVIKAHRAPPA.

CORPSE BRIDE



Tim Burton (USA/2005/76 mín.) Stórskemmtileg hreyfimynd og sjárnær veisla með Johnny Depp, Helena Bonham-Carter og Emily Watson í aðalhlutverkum. Eftir snillinginn Tim Burton.

GRIZZLY MAN



Werner Herzog (USA/2005/99 mín.) Ötrúleg heimildarmynd um mann sem helgaði líf sitt skógarbjörnum og lifði meðal þeirra í 13 ár, en var svo drepinn og étinn af þeim.

INKASSO



Lasse Spang Olsen (Danmörk/2004/88 mín.) Eftir höfund „I Kina Spiser De Hunde“. Myndinni hefur verið líkt við Leaving Las Vegas, The Cooler og Snatch – og ekki að ástæðulausu.

IT'S ALL GONE P. TONG



Michael Dowse (UK, Kanada/2004/90 mín.) Spinal Tap nútímans. Á hátindi frægðar sinnar fer vinsælasti plötusnúður heims offari í rokkstjörnu-lífminu, allt þar til hann missir heyrnina og þar með vitið.

THE MERC. OF VENICE



Michael Radford (USA/2004/138 mín.) Hádrámatískt og kómískt verk um Shylock, eina athyglisverðustu Shakespeare persónuna. Meðal leikara eru Al Pacino og Jeremy Irons. Eftir leikstjóra Il Postino.

ROCK SCHOOL



Don Argott (USA/2005/93 mín.) Heimildarmynd um einstakan skóla í Philadelphia sem kennir 9-17 ára krökkum að verða rokkstjórnur. Skólustjórinn og stofnandinn er engum líkur, frekar en skólinn sjálfur.

YES



Sally Potter (UK, USA/2004/100 mín.) Eldheitt ástarsamband amerískrar konu og manns frá Mið-Austurlöndum sem leiðir til átaka um trúmál, stjórnmál og kynlíf. Stórleikararnir Joan Allen og Sam Neill fara á kostum.



„Hljómar eins og fint party!“
- JÖKULL II

ÞETTA ER AÐEINS SÝNISHORN AF ÚRVALI DAGSINS.

Iceland Film Festival

iff

Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember

ICELANDAIR

IH ICELANDAIRHOTELS

Talstöðin FM 90.9

www.icelandfilmfestival.is

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KÍ: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVÍKMYNDAHÚS LANDSINS • HÁKADÖRGI • S. 530 1119 • www.haskolabio.is

Robert Downey Jr. Val Kilmer

kiss KISS bAng bAng

Frá höfundri Lethal Weapon
Kynlíf. Morð. Dúgú. Velkomin í partyið.

JODIE FOSTER

FLIGHTPLAN

HYRURU LAHST MYNDIR MÚ GANNA TIL AN ENDRINGENTA HAD SEM HÓR ER KAKAST?

OKTÓBERBÍÓFEST

Í Háskólabíó og Þopþrógu 28. október - 14. nóvember 2008

BETRA SEINT EN ALDREI

STEVE CARELL

THE 40 YEAR OLD VIRGIN

FROM THE DIRECTORS OF 'THERE'S SOMETHING ABOUT MARY'

BREW BARRYMORE JIMMY FALLON

THE PERFECT CATCH

She's into work. He's into sports. Will they ever get into each other?

FROZEN LAND

ALFABAKKI

KISS KISS BANG BANG KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16

KISS KISS BANG BANG VIP KL. 3.45-6-8.15-10.30

FLIGHTPLAN KL. 3.50-6-8.15-10.30 B.I. 12

WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4-6

WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 6-8.15-10.30

CINDERELLA MAN KL. 10.30 B.I. 14

THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14

GOAL KL. 8.15

VALIANT ísl. tal KL. 3.40

SKY HIGH KL. 3.50

CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.50

KEFLAVÍK

CINDERELLA MAN KL. 8

FLIGHTPLAN KL. 8

AKUREYRI

CORPSE BRIDE KL. 8

FLIGHTPLAN KL. 8-10

THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 10

KRINGLAN

KISS KISS BANG BANG KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16

PERFECT CATCH KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16

FLIGHTPLAN KL. 8-10.15 B.I. 12

WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6

THE MERCHANT OF VENICE KL. 5.20-10

GRIZZLY MAN KL. 6

DRABET KL. 6-8

RIZE KL. 8

HIP HIP HORAI KL. 8

TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 10

FROZEN LAND KL. 10

DOOM KL. 5.45-8 B.I. 16 ára

FLIGHTPLAN KL. 10.10 B.I. 12 ára

CINDERELLA MAN KL. 5.30-8.30 B.I. 14 ára

ALFABAKKI (587 8900) KRINGLAN (530 0800) AKUREYRI (641 6666) KEFLAVÍK (621 1170)

Svalasta tónleikahelgi ársins

Tónlistarháttíðin Iceland Airwaves, sem lauk á dögunum, fær góða dóma í hinu virta bandaríska tímariti Rolling Stone.

Greinarhöfundurinn David Fricke kallar háttíðina „svölustu löngu tónleikahelgi sem haldin er á hverju ári“. Fricke fjallar um tónlistarmenn og hljómsveitir sem hann sá á háttíðinni og er sérstaklega hrifinn af Ghostigítal, Jakobínarínu, Benna Hemm Hemm, trúbadornum Þóri, Apparat Organ Kvartett, Kira Kira, Daníel Ágústi og sænska trúbadornum José González.

Ekki er langt síðan Iceland Airwaves fékk góða dóma á heimasíðu bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar MTV. Þar hélt greinarhöfundur ekki vatni yfir „timburmannaférd“ sem var



DANÍEL ÁGÚSTI Söngvarinn Daníel Ágústi fær góða dóma hjá Rolling Stone, rétt eins og hljómsveitir á borð við Jakobínarínu, Ghostigítal og Apparat Organ Kvartett.

farin í Bláa lónið. Einnig var hann eins og kollegi hans frá Rolling Stone.



HARRY POTTER Bíl sem notaður var í einni af Harry Potter-myndunum var stolið á dögunum.

Fljúgandi Potter-bíl stolið

Bíl af gerðinni Ford Anglina sem var notaður í einni af Harry Potter-myndunum hefur verið stolið. Bíllinn hafði verið til sýnis fyrir utan South West kvikmyndaverið í Bretlandi.

Bíllinn var merkilegur fyrir

þær sakir að hann gat flogið en í raun og veru er bíllinn ekki einu sinni ökuþær. Ekki er vitað hvort þjófurinn hafi vitað að um Harry Potter-bíl hafi verið að ræða. Bíllinn var annað hvort dreginn í burtu eða hífður upp.

Z fyrir Zorglúbb?

TÓNLIST

[UMFJÖLLUN]

Hmm... hver veit fyrir hvað þessi Z sem þrýðir nýjustu plötukápu My Morning Jacket stendur fyrir. En eitt er víst, að sveitin tekur heldur óvænta stefnu á þessari nýju plötu sinni.

Fram til þessa var hljómur þeirra frekar gruggug útgáfa af bandarísku sveitarokki, alls ekki ósvipað því sem The Band og Neil Young urðu frægir fyrir á sínum tíma. Það eru enn leifar af því eftir, en það er eins og Jim James og félagar hafi ákveðið að gera popplötu með aðstoð nýjustu hljóðtækni og vísinda.

Útkoman er frábær og án efa það besta sem þessi magnaða sveit hefur sent frá sér. Höfuðpaurinn og lagahöfundurinn James hefur opnað huga sinn fyrir nýjum flóðgáttum og allt í einu er bilið á milli My Morning Jacket og Flaming Lips orðið óvenju stutt.

Það er heldur ekki svo galið að líkja lagasmíðum Jim James við þau lög sem Elton John gat samið áður en hann varð feit karlkyns útgáfa af Elisabeth Taylor. Sá gamli kolklikki- aði hommi átti það nefnilega til að semja frábær lög, þó svo að yngri kynslóðir eigi erfitt með að trúá því. Tékkíð á Goodbye Yellow Brick Road og Captain Fantastic. En aftur að My Morning Jacket:

Það hefur heldur aldrei verið svo mikil innlifun í söng James. Kannski vegna þess að hann er ekki beinlínis fæddur með englarödd og því hefur hann kannski ekki þorað að láta vaða, fyrr en nú. Í lok lagsins Gideon syngur hann af öllum lífsins sálar kröftum, eins og hann sé að þakka skapara sínum fyrir tilvist sína. Þeir félagar skipta nokkrum sinnum



MY MORNING JACKET

NIÐURSTAÐA: Fjórða breiðskífa My Morning Jacket er það besta sem sveitin hefur látið frá sér fara. Sveitin hefur hlammað sér einhverstaðar á milli bandarískrar sveitatónlistar og tilraunapops, og gerir vel.

um gír á plötunni því næsta lag strax á eftir What a Wonderful Man er líklegast mesta afmælisveislulag sem þeir hafa gert. Fullt af hamingju og von.

Annað frábært lag er svo Anytime, sem hefur líklegast fengið vin þeirra, Dave Grohl, til þess að brosa út að eyrum. Vel smíðaður rokkslagari með beittum poppönglum sem ættu að draga hvern einasta rokk-áhugamann, með blæðandi kinn, í land.

Það er bjart yfir Jim James þessa dagana og hann er greinilega nægilega mikill listamaður til þess að yta sér stöðugt á brúnina. Z er með áhugaverðari plötum þessa árs og ég hef það á tilfinningunni að hún eigi bara eftir að vaxa og vaxa við hverja hlustun.

Birgir Örn Steinarsson



Teppi á stigaganginn

Falleg aðkoma að heimilinu skiptir máli. Teppi er slitsterkt gólfefni sem auðvelt er að þrifa, hljóðeinangrandi og hlýlegt.

Við seljum vönduð og endingargóð teppi sem eru ofnæmisprófuð og á góðu verði.

Stepp ehf.

Ármúla 32 Sími 533 5060
www.stepp.is

NÝJAR OG VINSÆLAR GEISLAPLÖTUR Á TILBOÐI Í SKÍFUNNI!



1.999kr.

Sálín • Undir þínum áhrifum



1.999kr.

Svala • Bird Of Freedom



1.999kr.

Ampop • My Delusions



1.999kr.

Worm Is Green • Push Play



3CD

2.499kr.

Pottþétt 10 ára



1.999kr.

Helgi Björns • Yfir Esjuna



1.999kr.

Regína Ósk • Regína Ósk.



1.999kr.

Hera • Don't Play This



1.999kr.

Robbie Williams • Intensive Care



1.999kr.

Katie Melua • Piece By Piece



1.999kr.

Rammstein • Rosenrot



1.999kr.

Sugababes • Taller In More Ways



1.999kr.

Depeche Mode • Playing The Angel



1.999kr.

Neil Young • Prairie Wind



1.999kr.

David Gray • Life In Slow Motion



1.999kr.

Rod Stewart • The Great American Songbook, Vol 4



1.999kr.

Cynic Guru • Iceland




2CD
1.999kr.

2DVD
3.499kr.

Cream • Royal Albert Hall, May 2005

Fánlegt á
DVD og CD

BaseCamp





BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Góðan vetur

Svo er sagt að Íslendingar séu Seina þjóðin í heiminum þar sem fólk gengur um og óskar hvert öðru „gleðilegs sumars“ á sumardaginn fyrsta. Það er fallegur siður, rétt eins og það er notaleg kurteisni að bjóða „góðan dag“, „gott kvöld“, „góða nótt“, eða segja „til hamingju með daginn“ á sérstökum tyllidögum. Það veur reyndar athygli að Íslendingar hafa ekki tamið sér að segja „góðan morgun“ eins og flestar aðrar þjóðir, af hverju sem það nú stafar. Við segjum „gleðileg jól“, „gleðilegt ár“, „gleðilega páska“. Við segjum „góða ferð“ og „velkomin“ þegar viðkomandi kemur aftur.

EN við mismunum árstíðunum. Við setjum veturinn hjá. Við fögnum sumrinu og óskum þess að það verði gleðilegt, en tökum vetrinum með þögn og þumbarahætti. Við tölum um „vetrarkvíða“, „skammdegisdrunga“ og jafnvel „skammdegisþunglyndi“.

ÞAÐ þarf engum blöðum um það að flétta að veturinn hefur svo neikvæða ímynd í hugum fólks að einungis DO & HHG, Framsóknarflokkurinn, DV, olíufélögin, Al Qaida og hugsanlega Fjandinn eiga við sambærileg almannatengsla vandamál að stríða. Þessir aðilar eiga þó allir einhverja málsvara – nema veturinn. Og því er tímabært að reyna að benda á eitthvað jákvætt sem honum tengist.

TIL forna voru hinir ljósu sumardagar kallaðir „bjargræðistími“ og þá voru allir á stjái utanhúss að safna næringarforða til að lifa af veturinn. Svo þraukaði fólkið innanhúss meðan skammdegismyrkrið grúfði yfir landinu og vetrarstormar geisduðu, og stytta sér stundir með því að lesa, skrifa, segja sögur, syngja, dansa, og spjalla saman. Þannig myndaðist öldum saman menningarforði sem við nærumst á enn þann dag í dag. Óþörf útivera að vetrarlagi í íslenskum vetrarhörkum þótti óðs manns æði svo að enn þann dag í dag eru Íslendingar byrjendur í svonefndum vetraríþróttum. En veturinn er ekki lengur fyrirkvíðanlegur. Það er til nógur vetrarforði handa öllum. Hlý húsakynni. Gærur og goretex. Góðir sálfræðingar. Veturinn er vinur okkar en ekki vágstur. Njótum vetrarins. Góðan vetur! Gott og farsælt skammdegi!



Á EIGIN VEGUM



FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breytta og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturs-eiginleikum og búnaði.

STAÐREYNDIR:

- 21% kraftmeiri - 158 hö.
- Síteingt aldrif (AWD)
- Veghæð - 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR

VERÐ 2.550.000 kr.
30.315 kr. á mán.*

FILO/SIA

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyrarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkrúki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njaróvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Vikurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960

*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



LOEWE.

VAXTALAUST í 12 mánuði*



Tilboðsverð
49.990,-

SAMSUNG
CW29M064T

- 29" 50Hz með flötum myndlampa
- 2x20w magnari
- Íslenskt textavarp.
- 2 x scart tengi
- 1 x víðeovélatengi.
- Tónjafnari

á mánuði
4.464,-



Tilboðsverð
69.990,-

SAMSUNG
WS32M066T

- 32" 100Hz með flötum myndlampa.
- 2x20w magnari
- 200 blaðs. íslenskt textavarp.
- 2 x scart tengi
- 1 x víðeovélatengi og S-video tengi.
- Virtual Dolby
- Tónjafnari

á mánuði
6.190,-



Tilboðsverð
84.900,-

LOEWE AVENTOS 29"

- 29" 100 Hz
- Super Black Line myndlampi
- Flatur skjár
- 2 x Scart tengi
- RCA og Super-VHS tengi að framan
- PIP (Mynd í mynd)
- 5 ára ábyrgð á myndlampa

á mánuði
7.476,-



-frábær
sjónvarpstilboð

ORMSSON

SMÁRALIND SÍÐUMÚLI 9
SÍMI 530 2900 SÍMI 530 2800
www.ormsson.is